

Smárit Byggðasafns Skagfirðinga XIX

*Álagablettir og álfabyggðir
Bönn og boðskapur*

Inga Katrín D. Magnúsdóttir
2016





© Bygðasafn Skagfirðinga/Inga Katrín D. Magnúsdóttir/2016
Ljósmynd á forsíðu er af Stórasteini á Hringsspildu. Sum barnanna í Akratorfunni, sem ólust upp í nágrenni steinsins á 20. öld, höfðu varúð á steininum sem alltaf gaf þeim auga, að þeim fannst. Hvort í honum byggi huldufólk eða aðrar vættir var ekki rætt en hann var alveg látinn eiga sig, þrátt fyrir að hann væri einstaklega vel skapaður til þrúls, leikja og skjóls.

ISBN 978-9935-9043-8-6.



Meningarsjóður Kaupfélags Skagfirðinga styrkti útgáfuna.

Formáli

Í þessu smáriti eru teknir saman meintir álagablettir í Skagafirði, en það eru staðir sem ekki má raska eða slá, annars er voðinn vís. Í upphafi var aðeins ætlunin að taka saman upplýsingar um þekktu álagabletti, sem hafa gengið undir því heiti. Fljótlega kom í ljós að erfitt er að fjalla um álagabletti án þess að fjalla um huldufólksbyggðir, þar sem slíkir staðir eru oft nátengdir. Hófst því leit að alls kyns örnefnum og stöðum sem gætu tengst álagablettum og huldufólki og þar komu Örnefnaskrár, *Byggðasaga Skagafjarðar* og fleiri rit að góðum notum. Enn vandaðist þó málið, því svo virðist að ekki sé alltaf gerður greinarmunur á álagablettum, huldufólksbyggðum, dysjum/kumlum, haugum og féþúfum í frásögnum. Þá voru kvíarnar færðar út aftur og leitinn náði þá til staða sem álög fylgja, sama hvað þeir eru nefndir. Ekki er að því hlaupið að skilgreina og aðgreina sagnastaði á borð við þessa, því svo virðist sem munnleg hefð og skilningur fólks á stöðum, sem hafa yfir sér ákveðnar umgengnisreglur og varúð, sé ákaflega flæðandi og opin.¹ Svo virðist sem heitið *álagablettur* hafi verið notað sem regnhlífarhugtak yfir hina ýmsu staði þar sem þurfti að hafa varann á. Í ritinu er gerð tilraun til að aðgreina slíka staði, en á sama tíma eru þeir settir í samhengi við aðra skylda sagnastaði. Helsta niðurstaðan er sú að Skagfirðingar eru ríkir af þessum athyglisverða menningararfi og þurfa að gæta að umgengni sinni, því víða leynast faldir fjarsjóðir, álfar og álög.

¹Áhugasömum er bent á vefsíðurnar *Sagnagrunnur* <http://sagnagrunnur.com/is/> og *Lifandi landslag* <http://lifandilandslag.is/> sem báðar hýsa þjóðsögur og sagnir vítt og breitt um landið. Sömuleiðis má benda á greinina „Kirkjutengd örnefni í Skagafirði“ eftir Sigríði Sigurðardóttur í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2014* þar sem m.a. er fjallað um álagabletti.

Efnisyfirlit	
Um örnefni	6
Þjóðsögur	9
Umgengnis- og siðareglur tengdar álagablettum	10
Drangey	11
Álagablettir	12
Ausa á Stóru-Þverá	12
Veðurtengd álög	16
Híbýli huldufólks	17
Grásteinn	18
Huldukonan í Grásteini	19
Haugar og dysjar	20
Tafla 1: Haugar og dysjar (1/2)	24
Tafla 2: Haugar og dysjar (2/2)	25
Fépúfur	25
Tafla 3: Fépúfur	29
Ágirnd, níska og álög	30
Álfar	30
Huldufólk í „lífi og leik“	31
Flokkar huldusagna	33
<i>Huldumanna genesis</i>	33
Uppruni álfa	33
<i>Álfar leita liðveislu manna</i>	34
Guðríður í Hvammi og Álfkonan	34
Ekkjan í Höfn	35
Huldufólk í Vökuhól	35
<i>Álfar sýna mönnum góðvilja</i>	36
Grímsborg	36
Álfarnir hjá Víðivöllum	37
<i>Álfar gjöra mönnum mein</i>	37
Djúpatjörn	37
<i>Umskiptingar og hyllingar álfa</i>	38
Barnsvaggan á Minni-Þverá	38
Sigríður frá Þorgautsstöðum	39
<i>Huldufólk leitar lags við mannskar manneskjur</i>	39
Helga Prestsdóttir	39
Frá Eyjólfí og Álfkonu	43
<i>Jóla- og nýjársgleði álfa</i>	44
Húsfreyjan á Yztugrund	44

Flutningur álfa og helgihald.....	46
<i>Fleira um jarðbúa:</i>	47
Álfarnir í Drangey	47
Ítök álfa í nútímanum	49
Samantekt á álagablettum í Skagafirði.....	52
Tafla 4: Álfar og álög í Skefilsstaðahreppi	53
Tafla 5: Álfar og álög í Skarðshreppi	54
Tafla 6: Álfar og álög í Staðarhreppi	55
Tafla 7: Álfar og álög í Seyluhreppi	56
Tafla 8: Álfar og álög í Lýtingsstaðahreppi	57
Tafla 9: Álfar og álög í Akrahreppi	58
Tafla 10: Álfar og álög í Rípurhreppi	59
Tafla 11: Álfar og álög í Viðvíkurhreppi	60
Tafla 12: Álfar og álög í Hólahreppi	60
Tafla 13: Álfar og álög í Hofshreppi	61
Tafla 14: Álfar og álög í Hofsóshreppi	62
Tafla 15: Álfar og álög í Fellshreppi	62
Tafla 16: Álfar og álög í Haganeshreppi.....	63
Tafla 17: Álfar og álög í Holtshreppi (1/2).....	64
Tafla 18: Álfar og álög í Holtshreppi (2/2).....	65
Heimildaskrá.....	66
Örnefnaskrár	67

Um örnefni

Í tungumálinu felast oft hugmyndir sem eru stærri en fyrirbærin sjálf. Orðin vísa í víðfeðmann hugmyndaheim merkinga og meininga. Stóll er ekki aðeins stóll, því í hugmyndinni um *stól* felst skilgreining á athöfninni *að sitja*. *Stóll* vísar þannig ekki aðeins til þeirra hluta sem við sitjum á, heldur einnig at-hæfisins. Örnefni fylgja einnig þessum lögmálum og vísa ekki einungis til nafns staðar, heldur þeirra hugmynda sem fólk hafði og hefur jafnvel enn um þann tiltekna stað. Örnefni geta verið heimild um skynjun fólks á tilteknu rými, þó svo að fyrirbærið sjálft sé e.t.v. horfið. Þetta gildir t.a.m. um tóftir og húsaleifar sem hafa horfið inn í landslagið en staðurinn dregur enn nafn af húsinu og hlutverki þess.²

Örnefni og sögur lita landslagið og blása í það lífi með því að tengja það viðburðum eða eins og Terry Gunnell segir: „[I]legends are the clothes worn by the landscape in the minds of the local inhabitants.“³ Sagnatengd örnefni geta þannig varðveitt minningar á milli kynslóða. Helgi Sigurðsson, einn upphafsmaður örnefnasöfnunar hér á landi, segir að örnefni séu: „nokkurskonar fornmenjar; því þau eru, flest öll, óhræranlegir, varanlegir fornir hlutir [...], víðsvegar um landið, og tengdir við sögurnar, sumir með mannaverkum, sumir án þeirra, og flestir upphaflega verk náttúrunnar.“⁴ Með því að veita landslaginu líf á þennan hátt geymast upplýsingar og fróðleikur um byggðina, átrúnað, þjóðhætti og ýmislegt fleira.⁵

Á Skefilsstöðum í Laxárdal ytri kennir ýmissa grasa hvað varðar örnefni og munnmæli. Þar má finna Atlahaug eða Atladys, sem er aflöng þúfa, um fjórir metrar að lengd. Landnáma segir frá því að Atli, sá sem sagður er heygður á

² Rúna K. Tetzschner, *Nytjar í nöfnum*, bls. 17.

³ Terry Gunnell, *Narratives, Space and Drama*, bls. 16.

⁴ Helgi Sigurðsson, bls. 307.

⁵ Rúna K. Tetzschner, *Nytjar í nöfnum*, bls. 18.; Þórhallur Vilmundarson, *Leiðbeiningar um örnefnaskráningu*.

Skefilsstöðum, hafi numið land undir Eilífsfjalli (sem við köllum Tindastól í dag) og bjó hann að Atlastöðum, milli Hvamms og Skíðastaða í Laxárdal. Atli er sagður hafa átt ambáttina Þorbjörgu, en hann gaf henni frelsi og landskika vestan Laxár, sem hún nefndi Þorbjargarstaði (og heitir svo enn). Þar bjó hún ásamt tveimur sonum. Atli krafðist hálfes reka og allrar veiði í Laxá í landi Þorbjargar og gekk það eftir í nokkurn tíma, þar til synir hennar uxu úr grasi og brutu gegn boðum Atla. Þegar hann uppgötvaði að þeir höfðu veitt í Laxá vó hann bræðurna og lýsti vígunum á hendur sér. Þorbjörg reiddist mjög og ráðgerði hefndir. Hún fann hann einan í fjöru nokkru seinna og sótti að honum með skálm (sveðju) einni, en Atli hafði spjót sem ekki dugði. Hún særði hann og hann reyndi að flýja en komst ekki undan þannig að Þorbjörg vó hann á svokölluðu Atlaskeri og hann var síðar dysjaður í Atlahaug. Sunnan Atlaskers rennur lækur þar sem Þorbjörg þreif blóðið af vopni sínu og lagði á lækinn að hver skepna dræpist sem drykki úr honum neðan bjargbrúnarinnar. Lækurinn heitir síðan Skálmarlækur.⁶ Skálmarlækur er enn í dag álitinn álagablettur og örnefni sem um ræðir eru enn í notkun. Ef eitthvert mark má taka á sögninni og þeim heimildum sem við höfum um Atla og Þorbjörgu gætu þessi örnefni verið yfir 1000 ára, sem gefur vísbendingar um hversu langlíf örnefni geta verið í munnmælum.⁷

Örnefni geta verið stöðug og óbreytt í langan tíma, eins og fyrrnefnd örnefni benda til, en þau geta einnig breyst hratt. Í Ásgeirsbrekku í Viðvíkursveit finnst t.a.n. örnefni sem hefur breyst talsvert í gegnum tíðina, en sagnir loða enn við staðinn. Þetta er steinninn Strokkur, Huldufólkssteinn, Grásteinn eða

⁶ ÖStAM- Skefilsstaðir (án ártals). Margeir Jónsson skráði, bls. 3–5.

⁷ Í örnefnaskrá fyrir Skefilsstaði er ætt Atla rakin en hann er talinn hafa verið uppi um 990. ÖStAM- Skefilsstaðir (án ártals). Margeir Jónsson skráði, bls. 6–10.

Kirkjusteinn. Marteinn Steinsson⁸ kallar steininn Huldufólksstein en í annarri örnefnalýsingu er hann kallaður Strokkur. Frásögn Marteins er athyglisverð en hann segist hafa kallað steininn Huldufólksstein og bætir við að hann hafi ekki verið hræddur við huldufólk. Hann hafi ætlað að brjóta steinplötu af steininum en annar drengur sem með honum var hafi verið svo logandi hræddur við álfa, að hann hætti við. Hann bætir svo við að hann hafi aldrei heyrt neinar huldufólkssögur frá þessum stað (þó stendur örnefnið Huldufólksstein).⁹ Í sömu örnefnaskrá er haft eftir Bjarna Maronssyni að steinninn hafi verið talinn huldufólksbyggð og nefnir hann að steinninn hafi verið kallaður ýmist Kirkjusteinn, Strokkur eða Grásteinn.¹⁰ Kirkjusteinsnafnið er sagt vera seinni tíma tilbúningur samkvæmt frásögn Sverris Björnssonar, en hann nefndi að á níttjándu öld og fram yfir aldamót, þegar ættingjar hans bjuggu í Ásgeirsbrekku, hafi steinninn verið kallaður Strokkur.¹¹ Faðir Sverris og föðurbræður voru smalar á þessu svæði og bað móðir þeirra að þeir létu sig vita þegar strokkhljóð heyrðust í steininum því hún var treg til að færa frá ánum fyrr.¹² Skrárnar um Huldufólksstein, Kirkjustein, Grástein eða Strokk sýna að mikilvægt er að fylgjast með notkun örnefna. Sum örnefni varðveitast um aldir, eins og Skálmarlækur, önnur breytast milli ábúenda eða kynslóða og enn önnur falla í gleymsku og sagnirnar með þeim.

Víða eru örnefni sem bera vott um átrúnað og hugmyndir fólks um heiminn og lífið í kring. Fjölmörg örnefni benda til þess að á vissum stöðum, s.s. í steinum, klettaborgum og hólum hafi fólk talið vera bústaði huldufólks, s.s. Álfróll og Álfaborg. Jafnframt eru fjölmargir staðir sem huldufólkið á að

⁸ ÖStAM- Ásgeirsbrekka (2007). Rósmundur Ingvarsson skráði, bls. 10.

⁹ ÖStAM- Ásgeirsbrekka (2007). Rósmundur Ingvarsson skráði, bls. 10.

¹⁰ ÖStAM- Ásgeirsbrekka (2007). Rósmundur Ingvarsson skráði, bls. 17.

¹¹ ÖStAM- Ásgeirsbrekka2 (1978). Sverrir Björnsson skráði, bls. 4–5.

¹² Að færa frá ánum, þýðir að lömbin voru rekin til fjalla á beit og ærnar mjólkaðar heima.

hafa lagt rækt við eigin trú, þ.e. Huldufólks- og Álfakirkjur. Örnefnin eru ekki alltaf lýsandi fyrir þær hugmyndir sem fólk hafði um staðina, en þá eru oft munnmæli og sagnir sem benda til þess að staðirnir hafi haft dýpri merkingu í hugum þeirra. Taka má sem dæmi nafnið Hestavígshamar í Réttarholtslandi. Þar var sögð mikil huldufólksbyggð,¹³ þó nafnið beri það ekki með sér.

Þjóðsögur

Íslendingar hafa löngum verið taldir mikil sagnaþjóð og stafar það af miklum og ríkulegum bókmenntaarfi. Fleiri eru þó fjársjóðirnir því oft gleymist í menningararfs umræðunni að til eru fjölmargar þjóðsögur, sagnir og ævintýri sem varðveittust í munnlegri geymd í gegnum aldirnar þar til þær voru skráðar. Jón Árnason, þjóðsagnasafnari, sagði um þjóðsögurnar: „þessari sagnagrein hafa fáir gefið gaum til forna sem vera bar, og þeir sem lögðu nokkra rækt við hana hafa orðið fyrir aðkasti og þó eru slíkar sagnir jafnskilgetnar dætur þjóðarandans sem bóksögurnar sjálfar sem enginn hefur enn getað oflofað.“¹⁴ Þjóðsögur eru margbrotnar og runnar af mörgum rótum „upp úr hversdagslífi manna og hugarburði, hugsun og hjátrú, gömlu og nýju.“¹⁵ Þjóðsögur sem varðveittust í munnlegri geymd lutu öðrum lögmaðlum en bóksögur, þær slípuðust til og breyttust með tímanum og því samfélagi sem þær þrífust í.¹⁶

Enginn veit nákvæmlega hversu gamlar þjóðsögur eru, sumar virðast eiga rætur í heiðni á meðan aðrar eru yngri. Þrátt fyrir að þjóðsögur væru vinsælt afþreyingarform meðal almennings voru þær ekki hátt skrifaðar meðal embættismanna og taldar til bábilja. Snemma bar á óbeit yfirvaldsins á því sem tengdist hinni svokölluðu hjátrú eða alþýðutrú. Prestar og aðrir

¹³ ÖStAM- Réttarholt (2004). Rósmundur Ingvarsson skráði, bls. 9.

¹⁴ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (I. bindi, formáli), bls. XVII.

¹⁵ Einar Ó. Sveinsson, *Um Íslenskar þjóðsögur*, bls. 6.

¹⁶ Einar Ó. Sveinsson, *Um Íslenskar þjóðsögur*, bls. 7–8.

embættismenn höfðu megnustu andúð á hvers kyns hindurvitnum og „kerlingabókum“ og var beinlínis embættisskylda þeirra að útrýma slíkum frásögnum. Andúð yfirvaldsins á þjóðsögum kom bersýnilega í ljós þegar söfnun og ritun munnmælasagna hófst á 19. öld, því margir sagnamenn og -konur vildu ekki láta nafn síns getið eða láta hafa slíkt efni eftir sér.¹⁷

Trúarlíf alþýðunnar hefur áður verið afar líflegt og fjölbreytt. Ekki aðeins viðhafðist hér ríkistrúin, kristni, heldur virðist fólk hafa trúað á ýmsar aðrar verur í sínu nánasta umhverfi, þar á meðal huldufólk. Álfatrúin hefur að öllum líkindum verið bæði sterk og útbreidd hér á landi, miðað við þann aragrúa af sögnum sem til eru af huldufólki. Sú trú hefur haldist lengi, e.t.v. ekki í sömu mynd en að einhverju leyti þó. Landslagið ber víða enn menjar þjóðtrúarinnar í örnefnum, þótt álfatrúin sé e.t.v. liðin undir lok að mestu.

Umgenngis- og siðareglur tengdar álagablettum

Þjóðsögur mótuðust með þjóðinni sem ól þær og ýmislegt má lesa úr þeim um hugsunarhátt og venjur fólksins.¹⁸ Þær geta virkað sem einskonar vegvísir til þess samfélags sem þá var. Frásagnir voru í hávegum hafðar á kvöldvökum þegar fólk sat við vinnu í baðstofunni og virðast jafnvel hafa þjónað einhverskonar uppfræðsluhlutverki. Sögur geta verið svo miklu meira en dægradvöl og skemmtun, því þær bera með sér lærdóm og visku, fordóma, trú og hjátrú.¹⁹ Fólk segir iðulega þær sögur sem því finnst tilgangur með. Í mörgum sögum má finna siðaboðskap um það hvernig fólk á að haga sér í samfélagi við aðra menn og jafnvel aðrar verur, hvaða gildi og

¹⁷ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (I bindi, formáli), bls. XVII–XIX.

¹⁸ Einar Ó. Sveinsson, *Um Íslenskar þjóðsögur*, bls. 6; Terry Gunnell, *Narratives, Space and Drama*, bls. 12.

¹⁹ Terry Gunnell, *Narratives, Space and Drama*, bls. 12; 15–16.

dygðir hafa átti í heiðri og ekki síður hvað taldist til synda sem mönnum var refsað fyrir.

Ákveðnar umgengnisreglur giltu um ýmsa staði í landslaginu. Sumum stöðum mátti ekki raska, suma mátti ekki slá og við aðra mátti ekki ærslast og stundum allt í senn. Vissum stöðum mátti ekki fara framhjá án þess að viðhafa sérstakt afhæfi og brytu menn gegn umgengnisreglum var voðinn vís. Sumstaðar þurftu menn að fara með bæn eða vers (s.s. við Gvendaraltari í Drangey) eða leggja stein við staðinn og það átti sérstaklega við þegar menn áttu leið hjá í fyrsta sinn. Þetta átti t.d. við um dysjar. Dæmi um stað þar sem gilda ákveðnar hegðunarreglur má finna í Drangey:

Drangey



m Drangey hefir gengið sú trú er nú skal segja. Hver formaður er fer úr Málmei til vertíðar í Drangey skal hið fyrsta sinn er hann fer þangað vor hvert sækja steina þrjá inn til Þórðarhöfða og flytja með sér til Drangeyjar og kasta þeim þar upp. En sá formaður er út af bregður tekur það víti að annað tveggja berst honum á eða skipsögn hans [lendir í vanda, skipsögn er árabátur] eður hann hverfur inn í Þórðarhöfða.

Sá hefir verið forn síður við Drangey er sumir menn fylgja enn, að hver skipsögn er þangað rær vertíð heilsar henni þannig bæði við vertíðarbyrjun og við hverja ferð sem í land er farið; „Heil og happadrjúg Drangey mín og allir þínir fylgjarar.“ Þessar sömu kveðjur eru einnig endurteknaðar við Kerlinguna.²⁰

Fróðleikur um umgengnisreglur sem fylgdu vissum stöðum gekk í munnmælum. Stundum fylgdu stöðum heilu þjóðsögurnar, sem þeir sem voru kunnugir staðháttum þekktu og skildu. Öðrum stöðum fylgdu örstuttar sagnir án mikils söguþráðar. Víða eru það aðeins örnefnin sem benda til þess að fólk hafi haft ákveðnar hugmyndir um staðina og ekki er hægt að útiloka að á einhverjum tímupunkti hafi sögur fylgt

²⁰ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, (III. bindi), bls. 482.

slíkum stöðum. Huga þurfti að hátterni sínu við staði á borð við álagabletti, huldufólksbyggðir, féþúfur, hauga og dysjar. Hér á eftir verða fyrirbærin útskýrð stuttlega.

Álagablettir

Víða um land eru blettir þar sem sagt er að álög hvíli á. Þessa bletti var talið að ekki mætti slá eða raska og ef svo var gert var hætt við að menn yrðu fyrir tilfinnanlegum óhöppum.²¹ Margar sagnir segja frá því að menn hafi brotið gegn bönnum og uppskorið ýmis óhöpp, skepnumissi eða veikindi í kjölfarið. Ausa á Stóru-Þverá er gott dæmi um dæmigerðan álagablett.

Ausa á Stóru-Þverá



álægt svokallaðri Lambeyri á Stóru-Þverá gengur djúp hvilft frá ánni upp í túnið. Kallast hvilft þessi Ausa og er í henni nokkurt graslendi. Á Ausu eru þau álög að ekki má slá hana og eru ýmis dæmi tilfærð um að sláttur hafi valdið ógæfu. Árið 1825 flutti sig maður sem Þorsteinn hét með fé nokkurt á part af Þverá og sló Ausu. Mestallan veturinn á eftir lá hann veikur og missti nær því allar skepnur sínar. Var það eignað slætti hans á hvamminum.

Árið 1835 fluttist að Þverá bóndi að nafni Jón Guðmundsson og sló hann þá um sumarið lítinn part af Ausu og sagðist ekki hirða um neina álfahvamma. Ekki bar á slysum hjá honum öðrum en þeim að svartblesótt kýr sem hann átti varð um veturinn alveg mjólkurlaus, sem var um margt einstakt mál því á öðrum málum mjólkaði hún eðlilega. Þetta var eignað slættinum. Síðan hefur Ausa ekki verið slegin.²²

Víða í Skagafirði má finna álagabletti eða bletti sem eru skilgreindir sem slíkir, án þess þó að fólk viti almennilega hvað gerist ef þeim er raskað eða þeir eru slegnir, þ.e. álögin

²¹ Jónas Jónasson, *Íslenskir þjóðhættir*, bls. 395–396.

²² Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (III. bindi), bls. 488.

eru gleymd. Einnig má finna bletti sem skilgreindir eru sem álagablettir, en virðast falla utan þeirra í hefðbundnum skilningi, t.d. á Hóli á Skaga þar sem ekki mátti taka eini sem óx við hamarinn austur af Hamratjörn.²³ Ekki kemur fram hvað myndi gerast ef hann væri tekinn. Ekki er fyllilega ljóst hvort tengsl hafi verið milli einisins og álfatrúar sem fylgdi hamrinum, eða Hamratjarnar, sem talinn var álagablettur, en ekki mátti veiða í tjörninni. Annar möguleiki er að menn hafi viljað vernda einiberjarunnann, hafi hann verið sjaldgæfur á þeim slóðum, til að forðast ofnotkun. Sé það skýringin er það ekki einsdæmi, þar sem svipaðar aðstæður eru á Mýrum í Sléttuhlíð. Þar var bónda sagt að rífa aldrei hríslur á Lönguholtum (Langholti). Í örnefnaskráningu voru Lönguholt ekki skilgreind sem álagablettur í heild sinni en þó tekið fram að sunnarlega í Lönguholtum sé grösugur bolli sem ekki mátti slá, þar sem hann var talinn álagablettur.²⁴ Nefnt er að skepnur hafi ekki haldist á holtinu, líkt og stundum er nefnt í samhengi við huldufólksbyggðir, en það gæti verið vegna umhverfisþátta, s.s. grasleysis á holtinu. Í Þrastarstaðaflóa er svokallað Illaholt og þar mátti ekki rífa hrís.²⁵ Engin viðurlög fylgja þessum ummælum né sagnir sem gætu skýrt af hverju bannið stafaði en velta má fyrir sér hvort bannið hafi verið af hagkvæmnisástæðum eða einhverju öðru. Í Bakkakoti í Viðvíkurhreppi finnst dæmi um blett sem ekki mátti slá og um hann var gengið eins og um gröf væri að ræða. Tekið er fram að þar vaxi lyfjagrös og vallhumall sem vaxa ekki annarstaðar á jörðinni. Umgengnisvarúðin gæti því hafa tengst grösunum fremur en átrúnaði.²⁶

²³ Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagfirðinga* (I. bindi), bls. 113.; Einir er harðgerð jurtt, runni.

²⁴ ÖStAM- Mýrar (1974). Kristján Eiríksson skráði, bls. 3.

²⁵ ÖStAM- Vatn, Mannskaðahóll, Mýrarkot og Þrastarstaðir (1940). Margeir Jónsson skráði, bls. 5.

²⁶ Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagfirðinga* (V. bindi), bls. 294–295.

Álög liggja yfir Skálavatni í Ketu, en þar má bóndi ekki veiða á stöng, en má veiða með neti. Brjóti hann bannið á hann að verða fyrir skepnuskaða.²⁷ Jafnframt mætti nefna sérkennilega sögn sem fylgir Hólmavatni á Hegranesi. Hólmavatn, í landi Hróarsdals, er sérstakt fyrir þær sakir að við vatnið loðir sögn sem er sambland af álaga- og nykurs-sögn. Jón Benediktsson sagði frá því að þegar hann byrjaði eitt sinn að slá hvamm við Hólmavatn sótti á hann mikill svefnhöfgi. Hann sofnaði og dreymdi skepnu sem hann taldi vera nykur. Nykurinn sagði honum að hætta að slá hvamminn eða hann skyldi draga hann út í vatnið. Þegar Jón vaknaði var hann hálfur í vatninu og hann sló aldrei aftur hvamminn.²⁸ Oft var talað um að svefn sæki á menn er þeir hefja slátt við álaga-bletti og huldufólksbyggðir og þeir sofni. Í svefninum kemur til þeirra huldukona eða -maður og varar við slættinum en fáar sögur eru um að nykrar gerðu slíkt. Á þessu má sjá hversu fjölbreyttar hugmyndir fólk hefur um umhverfi sitt og fyrirbæri eins og álög.



Mynd 1. Búðarhóll á Höfðastönd. Brekkuna sunnan við hólinn (sem liggur niður að fjöru) mátti ekki slá, því þá átti bóndi að verða fyrir skepnutjóni.

²⁷ ÖStAM- Keta (Örnefni á Skaga) (1932). Margeir Jónsson skráði, bls. 9–10.

²⁸ Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagfirðinga*, (V. bindi), bls. 139.

Víða eru staðir sem virðast skilgreindir á fleiri en eina vegu, s.s. álagablettur og haugur, eða álagablettur og féþúfa. Á Meyjarlandi á Reykjaströnd er Meyjarhóll, sem talinn var haugur. Varað var við að raska honum og ábúendur komu fram við hólinn sem álagablett.²⁹ Á Þorsteinsstöðum í Tungusveit er þúfa sem ýmist er kölluð Þorsteinsþúfa eða Krossþúfa. Ýmist var talað um þúfuna sem álagablett eða haug sem ekki mátti hrófla við né slá, því þá átti bóndi að verða fyrir óhöppum.³⁰

Jónas Jónasson segir frá álagablettum í *Íslenskum þjóðháttum*: „Álög á menn eru ekki mér vitanlega til í trú manna og hafa ekki verið til langs tíma önnur en þau, sem heitingar eða bölbænir kunna að hafa verkað. Að vísu hafa menn haft framundir þetta trú á því að ummæli álfa eða huldufólks bæði til góðs eða ills gegni mikils, og sama gildir um ummæli trölla. Einkum hvíla víða álög á ýmsum blettum, túnblettum eða engjateigum, sem ekki má slá, því ef það er gert koma einhver tilfinnanleg óhöpp fyrir þann, er það gerir. Blettir þessir (bannblettir) eru víða til á landi hér, og er enn víða varazt að slá þá. Slík álög liggja og á fleiru en slægjublettum, en minna ber á því.“³¹ Jónas virðist ekki endilega gera greinarmun á álögum álfa og annars konar álögum, því fá ummælin að fljóta með sem heimild um bæði en um álfana verður fjallað nánar síðar.

Hugmyndir eru um að möguleg tengsl séu á milli álagabletta og miltisbrandsgrafa. Steinunn J. Kristjánsdóttir, fornleifafræðingur, hefur m.a. velt upp þeirri spurningu hvort álagablettir séu staðir þar sem miltisbrandssýktar skepnur hafi verið huslaðar. Að hrófla við sýktri jörð fylgir áhætta, bæði fyrir menn og skepnur. Steinunn segir: „Fólk er byrjað að ræða þessa hættu sín á milli núna. Þetta hefur meðal annars verið rétt í sambandi við þessa svokölluðu álagabletti sem eru út um

²⁹ Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagfirðinga*, (I. bindi), bls. 239.

³⁰ Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagfirðinga*, (III. bindi), bls. 218. (Í HSk. 186, folio; Álagablettir í Lýtingsstaðahreppi eftir Björn Egilsson).

³¹ Jónas Jónasson, *Íslenskir þjóðhættir*, bls. 395–396.

allt og við erum oft að grafa í. Það er talið að þetta séu í mörgum tilfellum staðir sem leifar af miltisbrandi geti leynst. Þessar hugmyndir um álagablettina eru oft fólgnar í því að skepnur drepist af að bíta gras á þeim. Margir vilja halda því fram að það hafi gerst í raun og veru og hafi þá tengst miltisbrandi.³² Mjög athyglisvert væri ef þetta reynist vera satt, en enn eiga eftir að fara fram rannsóknir á sannleiksgildi þessara vangaveltna. Komi í ljós að hugmyndin eigi við rök að styðjast hafa sagnir um álagabletti hagnýtt gildi ekki síður en menningarlegt, þar sem fælingarmáttur álagablettasagna hefur hindrað að fólk hróflaði við stöðum þar sem miltisbrandur kann að leynast.

Veðurtengd álög

Munnmæli eru um að sláttur eða rask á sumum álagablettum geti valdið veðrabrigðum eða óveðri. Slíkan stað má finna á Reykjarhóli í Holtshreppi. Þar var fyrrum álagablettur sem kallaður var Illviðrishvammur en nefnist nú Nátthagi. Nafnið mun hafa breyst um síðustu aldamót, en þá var hvammurinn girtur af og farið að nota hann sem nátthaga fyrir búfénað. Áður var talið öruggt að illviðri kæmi ef hann væri sleginn, þannig að sú ráðstöfun að hann yrði beittur í staðinn var skynsamleg.³³ Í Hróarsdal á Hegrnesi er að finna stað sem kallaður er Álágabakki. Á bakkanum hvíla þau álög að „hey þar hrekst aldrei, hversu miklir óþurrkar sem ganga, þá kemur þurrkur, svo það þornar, þegar búið er að slá það.“³⁴

³² Grunur um miltisbrand í álagablettum hérlendis, 2004, bls. 8.

³³ ÖStAM- Reykjarhóll (1972). Kristján Eiríksson skráði, bls. 1–2; Fleiri sagnir um heitingar og álagabletti má finna í Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (III. bindi), bls. 480.

³⁴ ÖStAM- Hróarsdalur (1934). Sigurður Ólafsson skráði, bls. 4.

Híbýli huldufólks

Margar þjóðsögur lýsa því að fólki hafi orðið á þau mistök að gerast nærgöngult huldufólkshíbýlum. Huldufólki fannst að sér vegið ef mannfólkið var með ærslagang eða stundaði grjótkast við bústaði sína og að sjálfsögðu hefndist fólki fyrir hvers kyns jarðrask á eða við bústaði þeirra. Það sama gildi um heyslátt nærri híbýlum þeirra, því eins og mennirnir þurfti huldufólk að stunda heyskap. Ef menn ásældust bletti sem þóttu teljast til túna huldufólks, gat þeim hefnt illilega fyrir. Þessir blettir voru oft kallaðir álagablettir eða huldufólkstún og forðaðist fólk að slá eða raska þeim á nokkurn hátt.

Í Beingarði á Hegranesi er Höfði einn sem börn máttu ekki leika sér við eða raska.³⁵ Þessar reglur giltu einnig um kletthamra á Hamri í Hegranesi, þar sem talinn var huldufólksbyggð. Þar máttu börn ekki ganga óvarlega um og jafnframt var brekkan við hamrana aldrei slegin. Hún var þó ekki talinn álagablettur, heldur tengist hættan frekar umgengnis og varúðarreglum.³⁶ Slíkar reglur eru þó ekki alltaf nefndar í tengslum við híbýli huldufólks, sem vekur spurningar um hvort slíkar umgengnisreglur hafi ekki gilt allstaðar eða hvort þær hafi þótt svo sjálfsagðar að ekki hafi verið talið nauðsynlegt að nefna þær.

Á sumum stöðum má sjá að menn hafa sett álfabyggðir og álagabletti í einhverskonar samhengi. Stórabúfu á Fossi á Skaga var t.a.m. talin álfabústaður (það eitt og sér, að staðsetja huldufólksbústað í þúfu, er sérstakt og fremur sjaldséð). Stórabúfu er lýst sem álagabletti, hún var aldrei slegin og sagt að skepnur hafi forðast hana. Hér getur verið að þúfan sé kallaður álagablettur aðeins vegna þess að um hana giltu umgengnisreglur sem sögðu til um að ekki mætti raska bústað huldufólksins með slætti, en engin álög eru tiltekin um hvað gerist

³⁵ Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagfirðinga* (V. bindi), bls. 73.

³⁶ Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagfirðinga* (V. bindi), bls. 88.

ef gengið væri gegn banninu.³⁷ Í Kelduvík á Skaga finnast huldufólksbyggðir í þúfum, eins og á Fossi, en þar eru tvær þúfur sem ýmist eru kallaðar Systur³⁸ eða Álfapúfur, sem ekki mátti slá. Sagnir um hvers vegna það var eru ókunnar.³⁹

Oft er fjallað um tengsl álagabletta og álfabyggða sem sjálfsagðan hlut, t.a.m. á Neðra-Ási í Hjaltadal, en þar var álagabletturinn Kringla, sem ekki mátti slá. Páll Stefánsson bað Stein, bróður sinn, um að fá að slá blettinn, sem Steinn leyfði tregur. Eftir sláttinn tróð hestur Páls sér ofan í lækjarfarveg og stíflaði hann. Þegar hesturinn fannst var hann orðinn kaldur og drapst fljótlega. Mönnum þótti þetta afar undarlegt slys, en „jafnframt furða að Páll skyldi slá Kringluna því hann trúði á tilvist álfa og huldufólks.“⁴⁰ Á Berghyl í Fljótum er talað um Álagahvamm en ekkert segir um álögin, heldur einungis að ljós sjáist stundum í hvamminum.⁴¹ Þetta rennir stoðum undir þá hugmynd að fólk hafi notað hugtakið álagablett sem einhverskonar yfirheiti fyrir álfabyggðir, hauga, dysjar, féþúfur og aðra álagatengda staði.

Grásteinn

Þegar örnefnaskrár frá Skagafirði eru skoðaðar verður fljótlega ljóst að örnefnið Grásteinn/Grásteinn er mjög tíðnefnt. Oft eru þeir nefndir í samhengi við huldufólksbyggðir en einnig án þeirra. Spurningar vakna um hvort þeir hafi verið taldir huldufólksbyggðir eða hvort lýsingin á steininum standi ein og sér. Þekktar huldufólksbyggðir eru í Grásteinum á eftirfarandi bæjum: Valadal, Ásgeirsbrekku, Svaðastöðum, Barði/Fyrirbarði, Teigi í Óslandshlíð, Saurbæ í Holtshreppi, Gili og Helgustöð-

³⁷ ÖStAM- Foss2 (1976). Kristján Eiríksson skráði, bls. 2.

³⁸ ÖStAM- Kelduvík (1989). Rögnvaldur Steinsson skráði (með athugasemdum Guðrúnar S. Magnúsdóttir frá 1989), bls. 1.

³⁹ Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagfirðinga* (I. bindi), bls. 45.

⁴⁰ Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagfirðinga* (IV. bindi), bls. 274.; ÖStAM- Neðri-Ás (2003). Rósmundur Ingvarsson skráði, bls. 11 og 13.

⁴¹ ÖStAM- Berghylur (1940). Margeir Jónsson skráði, bls. 2.

um í Fljótum, Hugljótsstöðum og Þrasastöðum. Á Brúnastöðum í Holtshreppi og Móskógum er talað um Grástein sem álagastein og á Móskógum er nefnt að ekki hafi mátt slá í kringum steininn, að öllum líkindum í tengslum við álfabústað. Í þjóðsagnasöfnum má finna sögur sem segja frá huldufólkshíbýlum í steinum, s.s. eftirfarandi saga um Huldukonuna í Grásteini.

Huldukonan í Grásteini



aður nokkur, ungur og kátur, átti fyrir nokkrum árum heima í Borgarsveitinni, annaðhvort á Kimbastöðum eða á Sauða. Vetrarkvöld eitt átti hann leið um veginn, sem liggur fram með fjallinu, og var glatt tunglsljós. Þá er maðurinn var kominn nokkuð út fyrir Kimbastaði, sá hann, að kvenmaður gekk rétt á undan honum í hægðum sínum. Maðurinn fór að hvetja sporið, því að hann vildi hafa tal af stúlkunni og vita, hvaðan hún væri, en hann nálgæðist hana ekkert, og þótti honum það kynlegt. Maðurinn tók nú að hlaupa við fót, en kallaði til stúlkunnar og bað hana að bíða sín. Hún nam staðar og leit við, en anzaði honum engu og hélt síðan af stað aftur. Maðurinn reiddist, er stúlkan vildi ekki svara honum, og vill nú fyrir hvern mun ná henni; tekur hann því til fótanna og hleypur á eftir stúlkunni. Rétt fyrir norðan og austan túnið í Brennigerði, sem er næsti bær fyrir utan Kimbastaði, er mjög stór steinn, alveg sérstakur, sem nefndur er Grásteinn. Þangað stefndi stúlkan og fór sér ekki mjög ótt, en maðurinn hljóp á eftir sem fætur toguðu. Þá er hann korn nálægt steininum, sýndist honum vera opnaðar dyr á honum, og gekk stúlka að þeim; þóttist hann nú sjá, að hann mundi verða af fundi stúlkunnar, og féll honum það mjög illa. Heldur dró saman með manningnum og stúlkunni, og var skammt á milli þeirra, en hún var komin fast að steininum. Maðurinn hafði broddstaf mikinn í hendi og sló honum til stúlkunnar, en höggíð kom í mjöðmina á henni, og rak hún upp hljóð mikið. Því næst sneri hún sér við og mælti til hans með mikilli reiði: „Fyrir þetta niðingsverk þitt skal koma yfir þig vægðarlaus hefnd; ég legg það á þig, að þú skalt vera sístelandi upp frá þessu, hvenær sem þú getur komið því við. Þú skalt og ávallt kveljast af sáru hugarangri, er þú ert vakandi, og skal líf þitt vera þér þung byrði, en þó skaltu verða gamall maður.“ Að svo mæltu hvarf stúlkan, en ummæli hennar rættust á manningnum. Til

Þessa tíma hafði ekki brytt á neinni óráðvæðni hjá honum, en eftir þetta varð hann rummungsþjófur. Hann þjáðist og ávallt af hugsýki og varð mjög ófarsæll, en náði þó háum aldri.⁴²

Ekkert er nefnt um álfabyggð í Grásteini á Hugljótsstöðum í meginmáli örnefnaskrár, en í neðanmáli segir: „Gamlar sagnir geta um álfa í steininum, en þær eru mjög hversdagslegar, og ekkert nýtt á þeim að græða.“⁴³ Þetta gæti bent til þess að fólk hafi ekki endilega nefnt þekktar álfabyggðir í Grásteinum, vegna þess að sagnirnar hafa þótt of hversdagslegar og ómerkilegar til að hafa eftir. Af þessum ástæðum geta fjölmargir staðir hafa glatað sagnagrunni sínum, vegna þess að fólk fannst sögurnar ekki þess virði að nefna vegna líkinda við aðrar sögur. Í örnefnaskrá Þrasastaða segir að það sé „einkennilegt, að fólk hefur trúað því, að álfar byggju í flestum Grásteinum“⁴⁴ Nú er ekki lengur hægt að fullyrða neitt um það, þótt því sé skotið fram. Grásteina, sem ekki eru kallaðir huldufólksbyggð, má finna víða; s.s. Holtskoti, Steintúni, Stafni, Villinganesi, Axlarhaga, Höskuldsstöðum, Minni-Ökrum, Garði, Kárastöðum, Ketu, Kýrholti, Litlholti, Þufum og Bakka.

Haugar og dysjar

EKKI var talið ráðlegt að raska haugum og dysjum og víða máttu menn ekki fara framhjá þeim án þess s.s. að leggja grjót við staðinn. Ef menn vanræktu það var voðinn vís. Haugar og dysjum fylgir oft sú sögn að þar hafi verið heygðir formenn eða -konur og þá vakna spurningar um hvort grjótkastið geti hafa stafað af jákvæðum hvötum, s.s. af virðingu við staðinn eða til þess að sporna gegn niðurbroti náttúruaflanna. Nokkrir staðir eru þó þekktir, þar sem grjótkast var form refsingar en

⁴² Ólafur Davíðsson, *Íslenskar þjóðsögur*, (I. bindi), bls. 76–77.

⁴³ ÖStAM- Hugljótsstaðir (1936). Margeir Jónsson skráði, bls. 3.

⁴⁴ ÖStAM- Þrasastaðir (1940). Margeir Jónsson skráði, bls. 4.

ekki virðingar. Sem dæmi má nefna að sá sem fyrstur fór framhjá Steinkudys í Reykjavíkurlandi átti að kasta í dysina grjóti til vanvirðingar við konuna sem þar var dysjuð.⁴⁵ Erfitt er að meta hvort slíkir varúðarstaðir teljist til álagabletta þar sem oft er óljóst hvað eigi að gerast, sé gengið gegn boðunum, en víða er gefið í skyn að brot gegn umgengnisreglum hafi í för með sér óhöpp.

Á Flatatungu á Kjálka er svonefndur Kárasteinn. Talið er að Kári Össurarson landnámsmaður hafi verið grafinn á þessum stað og steinninn lagður yfir. Heimamenn vildu ekki eiga við staðinn. Sagan segir að tveir vinnu-

menn í Flatatungu, þeir Tryggvi Þorsteinsson og Símon Björnsson, hafi ekki hirt um bannið og grafið niður með steinum. Þeir komu niður á bein en húsbóndi þeirra brást illa við og skipaði þeim að hætta. Þeir létust



Mynd 2. Kárasteinn á Flatatungu, þar sem landnámsmaðurinn Kári Össurarson er talinn hafa verið heygður.

báðir vofveiflega, annar af völdum eigin slysaskots og hinn eftir sérkennileg veikindi. Fólki tengdi fráfall þeirra við raskið við Kárastein svo einhverskonar álög eða hefndir hlýtur fólki að hafa séð fyrir sér í sambandi við staðinn.⁴⁶

Eins og fram hefur komið er ekki alltaf gerður skýr greinarmunur á eðli staða og álögum sem þeim fylgja. Þetta má t.a.m. sjá á Borguleiði í Geldingarholti. Borguleiði var tal-

⁴⁵ Steinka hét Steinunn Sveinsdóttir og var frá Sjöundá, en hún var dysjuð á þessum stað árið 1805. Hún var dæmdur morðingi og var þess vegna ekki grafin í vígðri mold. Dys þessi sást langt fram á 20. öld en er grjóttaka hófst í holtinu var komið niður á kistu með beinum og var hún endurgrafin í vígðri moldu; Jónas Jónasson, *Íslenskir þjóðhættir*, bls. 396–397.

⁴⁶ Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagfirðinga*, (IV. bindi), bls. 466.

inn haugur. Þar átti Vilborg nokkur að hafa verið heygð. Haugurinn virðist hafa verið talinn álagablettur og munnmæli herma að þar megi ekki raska jörð en hólinn má slá.⁴⁷ Annar staður sunnan við Borguleiði kallast Borgusæti og örnefnaskrásetjari nefnir að þeim stað vildu menn ekki raska heldur, þó ekki sé hann beint sagður álagablettur.⁴⁸ Víða er fjallað um hauga, féþúfur og álagabletti í sömu andrá. Ef til vill stafar það af því að það var ekki gert í því samfélagi sem örnefnin og sögurnar eru upprunar í, þ.e. að talað hafi verið um álagabletti sem eins konar regnhlífarhugtak yfir alla þá bletti þar sem aðgát skyldi höfð. Þetta virðist vera tilfellið á Þorbjargarstöðum, þegar viðkemur Tobbuhóli. Þorbjörg, leysingi Atla á Atlastöðum, er talin hafa verið heygð í hólnum, en ábúendur töldu hólinn vera álagablett, svo hann var aldrei sleginn.⁴⁹ Þetta vekur spurningar um hvaða skilning fólk lagði í „álög“ því hér er ekki getið um nein viðurlög gegn raski. Kannski þótti ekki þörf á því að skilgreina fyrirbærin vegna þess að allir vissu um hvað var að ræða.

Eiríkshóll á Hofi í Vesturdal er annað dæmi um fjölbreyttan skilning á fyrirbærum. Hóllinn er sagður haugur Eiríks landsnámsmanns. Það sem er sérstakt við staðinn er að þegar menn reyndu að grafa í hauginn sótti á þá svo mikill svefn, að þeir sofnuðu á staðnum og þegar þeir vöknuðu langaði þá ekkert að grafa í hann lengur.⁵⁰ Þetta telst sérkennilegt í flokki haughróflana. Það að sofna við slíkan verknað er skyldara huldufólkssögum þar sem menn sofna t.d. við slátt og dreymir þá huldumann eða -konu sem varar þá við að halda áfram og þá hverfa menn frá.

Á Áshildarholti er svokölluð Áshildardys og á henni voru sögð liggja nokkurs konar féþúfuálög (sjá kafla um féþúfur).

⁴⁷ Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagfirðinga* (II. bindi), bls. 332.

⁴⁸ ÖStAM- Geldingarholt (1999). Rósmundur Ingvarsson skráði, bls. 5.

⁴⁹ Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagfirðinga* (I. bindi), bls. 145.

⁵⁰ ÖStAM- Hof (1934). Margeir Jónsson skráði, bls. 2 og 10.

Þeir sem fóru þar hjá þurftu að bæta við steini í dysina⁵¹ en ekki mátti taka stein því þá sýndist Borgarsveit standa í ljósum logum.⁵² Hér má aftur sjá dys sem talað er um sem féþúfu. Jafnframt má benda á að í Kálfárdal í Skörðum á að vera dys landnámsmannsins Kálfs eða Kalmans sem fyrst byggði í Kálfárdal. Ekki mátti grafa í Kalmansdys því þá átti Álaga-mýri að falla fram og skriða að falla á bæinn. Þetta er sérkennilegt samband dysjar eða haugs, féþúfu og álagabletts.⁵³ Hér á eftir má sjá töflur sem sýna þekkta hauga og dysjar í Skagafirði.

⁵¹ ÖStAM- Áshildarholt (án ártals). Margeir Jónsson skráði, bls. 1.

⁵² Hjalti Pálsson, *Bygðasaga Skagfirðinga*, (I. bindi), bls. 302.

⁵³ ÖStAM- Kálfárdalur (án ártals. Viðbætur frá 1987). Andrés Valberg skráði [Guðrún S. Magnúsdóttir skráði viðbætur], bls. 6; 8.

Tafla 1: Haugar og dysjar (1/2)

Staður	Tegund	Örnefni	Kvöð/ Bann	Álög
Árgerði	Dys/þúfa	Daðaleiði		
Áshildarholt	Dys	Áshildardys	Kasta steini	Ferðaheill
	Dys	Áshildardys	Ekki taka grjót	Sýndarbruni
Blómsturvellir (Silfrast.)	Kuml	Mannheimahóll		
Borgargerði í Norðurárdal	Haugur	Þorbrands-/Örrekshaugur		
Borgarhóll	Kuml?	Litlihóll	Ekki raska	Kirkjubruni
	Kuml	Torfhóll		
Brimnes	Kuml	Óþekkt		
Bústaðir	Haugur	Búahóll	Má ekki raska?	
Djúpidalur	Steinn/dys	Flati		
Elivogar	Kuml	Ketilhólar	(Reimleikar)	
	Haugur/dys	Hauskúpuholt		
	Kuml	Óþekkt		
Enni	Dys	Óþekkt		
	Kuml	Óþekkt		
Eyvindastaðaheiði	Dys	Kurbrandsdys	Kasta steini	
	Haugur	Ruglu/Ugluhóll		
Fagranes	Haugur	Kjölur	Ekki raska	Sýndarbruni
Flatatunga	Steinn/Dys	Kárasteinn	Ekki raska	Óhöpp
	Haugur	Frosti		
Gauksstaðir	Dys/haugur	Óþekkt		
Gröf og Grafargerði	Haugur	Snorrabæli		
Haganes	Haugur	Helgahaugur	Ekki raska	Sýndarbruni/flóð
Háls	Steinn	Flókasteinn		
Hof	Haugur	Hjaltahaugur		
Hof í Vesturdal	Haugur	Eiríkhóll		
Hofsafrétt austur	Haugur	Orrahaugur		
Hraun	Haugur	Einbúi	(Reimleikar)	
Hróarsdalur	Dys	Hróarsleiði		
Hugljótsstaðir	Haugur	Hugljótur		
Illugastaðir	Haugur/féþ.	Illugahaugur		
Ingveldarstaðir	Haugur	Timburhóll		
Kálfárdalur	Dys	Kalmansdys/	Ekki raska	Grandar bæ
		Kálfarshaugur		

Tafla 2: Haugar og dysjar (2/2)

Staður	Tegund	Örnefni	Kvöð/ Bann	Álög
Keta	Haugur	Ketulákshaugur		
Kolkuós/Dórðarhöfði	Haugur	Glúmshaugur		
Kúskerpí	Haugur	Úlfshaugur		
Litlidalur	Hóll	Einbúi	Ekki raska	Sýndarbruni
Lækur	Dys	Steinkudys		
Merkigil	Dys/varða	Óþekkt	Kasta steini	
Meyjarland	Haugur/dys	Meyjarhóll	Má ekki slá	
Miklibær	Dys	Torfhóll		
Mýrarkot og Þratarst.	Dysjar	Ræningjadyssjar		
Ósland	Haugur	Glúmshaugur		
Reynistaður	Haugur/féþ.	Bjarnhöttur	Ekki raska	Sýndarbruni
Skatastaðir	Dysjar	Desja-/Dysjamelur		
Skefilsstaðir	Haugur/dys	Atlahaugur/-dys		
Skíðastaðir	Haugur	Skíðhóll/Skíðahóll		
Stóra-Vatnsskarð	Dys	Steinkudys		
Snorrahus/Snorragerði	Kuml	Þorljótshaugur		
Sölvanes	Haugur	Sölvhóll/Sölvaleiði	Ekki raska	Óhöpp
Tumabrekka	Dys?	Hastur?	Ekki raska	Bæjarbruni
Úlfstaðir	Haugur	Úlfshaugur		
	Haugur	Ljótshóll		
Viðvík	Dys	Óþekkt	(Reimleikar)	
Þorsteinsstaðir	Þúfa	Þorsteinsþúfa	Má ekki raska	Óhöpp
Þorljótsstaðir	Kuml	Óþekkt		
Þrasastaðir	Haugur	Þrasahóll		

Féþúfur

Margir liðu skort hér á landi vegna fátæktar og erfiðra aðstæðna á öldum áður. Peningar voru fremur sjaldséðir meðal alþýðunnar. Sumir, sem voru svo heppnir að hafa fé á milli handanna, fengu á sig nirfilsorðspor. Níska var, ásamt græðgi, talin til höfuðsyndar og það endurspeglast í þjóðsögum. Til eru sagnir um að sumir hafi falið fé í jörðu til að koma því undan

þeim sem ásældust það og þóttu þeir oft einstakir nískupúkar. Slíkar sagnir má bæði finna í tengslum við hauga og féþúfur.⁵⁴

Græðgi endurspeglast í sögnum sem segja frá því hvernig fólk reyndi að auðgast snarlega og afla fjár með öðrum leiðum en að vinna fyrir því. Þar á meðal eru aðgerðir sem fela í sér finnabækur og flæðarmýs.⁵⁵ Aðrir fóru, ef svo má segja, hefðbundnari leiðir og sóttust eftir því að grafa í hauga og féþúfur til að freista þess að hirða góssið. Þá var trú manna að heiðnir fornmenn hefðu látið heygja fjársjóði sína með sér og bera sumir haugar þess merki að reynt hafi verið að grafa í þá. Við slíka iðju hefur ætíð eitthvað komið uppá og þá helst það að fólki sýnist kirkjur eða bæjir brenna eða það sér stórflóð fyrir augum sér.⁵⁶

⁵⁴ Jónas Jónasson, *Íslenskir þjóðhættir*, bls. 337–338.

⁵⁵ Finnabækur (náboxur) voru taldar galdraverkfæri til gróða. Sá sem vildi græða gerði samning við einhvern um að fá að nota skinn hans að honum látnum. Þegar einstaklingurinn var látinn gróf hinn gráðugi hann upp úr gröf sinni, fláði af honum skinnið frá mitti og niður á tær og passaði að ekki kæmi gat á brókina. Því næst fór hann í brókina og gat aldrei farið úr henni. Til að virkja brækurnar þurfti hann að stela peningi frá bláfátækri ekkju á stórhátíð milli pistils og guðspjalls og láta peninginn í pung brókarinnar. Þegar brækurnar voru orðnar virkar drógu þær að sér fé lifandi manna og varð eigandinn aldrei félaus. Áður en eigandinn dó varð hann að losa sig við brækurnar með því að fá einhvern til að klæða sig í þær, eina skálm í einu, um leið og eigandinn klæddi sig úr þeim, annars gat farið illa fyrir honum.

Flæðarmús var þannig sköpuð að maður tók hár af óspjallaðri mey og gerði úr því net, nógu smágert til að mús festist í því. Netið lagði maður þar sem hann vissi að fé var á hafsbotni, því þar halda flæðarmýs sig helst. Netið átti að liggja yfir nótt og þá átti músin að vera föst í því að morgni. Músinn var þá tekin heim og geymd ásamt netinu á öruggum stað (t.d. í hveititunnu) þaðan sem hún gat ekki sloppið. Þá þurfti að setja undir músina stolinn pening og hún dró þá að sér fjármuni úr sjó. Áður en eigandi músarinnar lést þurfti hann að koma henni á einhvern annan, annars hafði hann verra af. Slyppi flæðarmúsinn til sjávar þegar maðurinn dó gerði mikið og mannskætt óveður og haftrót sem kallaðist músarbylur; Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (III. bindi), bls. 456–457.

⁵⁶ Jónas Jónasson, *Íslenskir þjóðhættir*, bls. 337–338.

Féþúfum mátti ekki raska og þær geta í ákveðnum skilningi fallið undir álagabletti. Yfir þeim liggur meira en aðeins varúð. Mönnum hefnist fyrir að raska álagablettum og urðu fyrir beinum skaða, oft skepnumissi eða óhöppum. Röskuðu menn féþúfum voru viðurlögin oft óraunveruleg þ.e. þeim sýndist bær eða kirkja brenna en bruni átti sér yfirleitt ekki stað. Á Narfastöðum í Hjaltadal má t.d. finna Peningaþúfu, þar sem einsetumaður er sagður hafa grafið peninga sína. Ef menn freistuðu þess að grafa í þúfuna sýndist þeim Lækjarbærinn brenna. Jafnframt sáu menn ljós á þessum stað, sem gefur honum huldufólkslegan blæ.⁵⁷ Slíkur „sýndarskaði“ er þó ekki



Mynd 3. Gullþúfa á Kimbastöðum. Á árunum 1920–1930 fór Ólafur, bóndi á Kimbastöðum til amerískrar spákonu. Hún tjáði honum að gull væri að finna í þúfu á bænum og lýsti staðsetningunni nákvæmlega. Synir Ólafs grófu í þúfuna en þurftu frá að hverfa vegna þess að þeim sýndist bærinn brenna. Hóla er ofan í þúfuna, og ber greftrinum vitni.

algildur og víða var talað um raunverulegan skaða í kjölfar féþúfurasks. Á Bæ á Höfðaströnd er ónefndur steinn sem er að lögun eins og líkkista. Ekki mátti hrófla við honum, því sagt var að bærinn myndi brenna og virðist það hafa gerst einu sinni. Raunverulegur bruni heyrir til undantekninga í kjölfar röskunar á féþúfu, nema ef fjallað er um staðinn sem álagablett, því alls kyns

óhöpp gátu komið upp ef þeim var raskað.⁵⁸ Litlihóll á Borgarhóli í Blönduhlíð var talinn haugur, en þar er sagt að menn hafi verið heygðir sem féllu í bardaga í fornöld. Ummæli segja að ekki megi grafa eða hreyfa við Litlahóli, því þá brenni

⁵⁷ Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagfirðinga*, (V. bindi), bls. 277–278.; ÖStAM- Narfastaðir (án ártals). Margeir Jónsson skráði, bls. 2.; ÖStAM- Narfastaðir (2007). Rósmundur Ingvarsson skráði, bls. 6 og 8.

⁵⁸ ÖStAM- Bær2 (án ártals). Björn Jónsson skráði, bls. 1–2.

kirkjan á Miklabæ.⁵⁹ Rask við greftrunarstað hefur í þessu tilfelli afleiðingar sem eru eins konar sambland afleiðinga féþúfurasks og raski álagabletta. Á Þverá í Akrahreppi er Peningapúfa sem mátti ekki slá og ef það var gert varð bóndi fyrir skepntjóni eða öðrum óhöppum, aftur eins og um álagablett sé að ræða.⁶⁰ Einnig eru ummæli um grjótvörðuna Hast í landi Tumabrekku. Sagt er frá því að ekki megi róta í vörðunni því þá brenni bærinn í Gröf. Þessi ummæli gætu átt við haug, dys, álagablett og féþúfu.

Á Reynistað má finna hólinn Bjarnhött. Um hólinn ganga þau munnmæli að þar sé grafið skip eða gullkista. Vestan í hólnum er brekka og sagan segir að þar hafi verið reynt að grafa og þá kom í ljós stór kista. Þeir sem grófu komu bandi í hring á kistulokinu en þegar þeir ætluðu að hífa kistuna upp sýndist þeim bærinn og kirkjan standa í ljósum logum. Þeir hlupu til, en þegar þeir sneru aftur á hólinn var



Mynd 4. Bjarnhöttur á Reynistað. Hólinn má flokka sem féþúfu, haug eða álagablett.

eins og mokað hafi verið í holuna þannig að ekki sást í kistuna. Koparhringurinn var þó til sanninda og var notaður á kirkjuhurðina á Reynistað. Sagan segir jafnframt að álög liggja á hólnum og að hrófl hafi skelfilegar afleiðingar. Einnig eru getgátur um að í hólnum sé heygður sá sem fyrst byggði Reynistað, Björn eða Bjarni.⁶¹

⁵⁹ Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagfirðinga* (IV. bindi), bls. 305–306; ÖStAM- Borgarhóll (2004). Rósmundur Ingvarsson skráði, bls. 4–5.

⁶⁰ Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagfirðinga*, (IV. bindi), bls. 93.; ÖStAM- Þverá (1933). Margeir Jónsson skráði, bls. 1.

⁶¹ ÖStAM- Reynistaður (án ártals). Margeir Jónsson skráði, bls. 1, 4–5.

Hér á eftir er tafla með féþúfum í Skagafirði. Nokkur sérstök örnefni fengu að njóta vafans þótt engin sögn fylgi þeim, s.s. Peningadý á Sléttu og Gullhóll á Bjarnastöðum (sem var þó talinn álagablettur).

Tafla 3: Féþúfur

Staður	Tegund	Örnefni	Kvöð/ Bann	Álög
Á í Unadal	Þúfa/hóll	Peningaþúfa/Grashóll		
Bjarnastaðir í Unadal	Hóll	Gullhóll	Ekki slá	
Barð í Fljótum	Þúfa	Þúfa á Holtshyrnu	Sá finnur sem gengur	Blákápuгарð
Bústaðir	Steinn	Óþekkt		
Bær	Steinn	Óþekkt	Ekki raska	Bæjarbruni
Egilsá	Klettur	Virkið	Ekki raska	Sýndarbruni
Garðakot	Laut	Peningalaut		
Gröf og grafargerði	Laut	Óþekkt		
Háls	Steinn	Syðri-Flókasteinn		
Hof	Hóll	Eirikhóll	Ekki raska	(Svefn)
	Þúfa	Hraunþúfa		
Holtsdalur	Toppur	Holtshymutoppur	Sá finnur sem gengur	Hymuröð
Hringur	Þúfa	Völupúfa	Sá finnur sem gengur	Völugerði
	Fen	Sortufen		
Kelduvík	Steinn	Gullsteinn	Tví-/þrjúburar aldir á kaplamjólk finna	
Kimbastaðir	Þúfa	Gullþúfa	Ekki raska	Sýndarbruni
Kolbeinsdalur	Hnjúkur	Ingaldshnjúkur		
Lambanes-Reykir	Hóll	Gullhóll	(Álfabyggð?)	
Litlidalur	Hóll	Einbúi	Ekki raska	Sýndarbruni
Lækur	Þúfa	Peningaþúfa		
Miklavatn í Fljótum	Haugur/féþ.	Helgahaugur	Ekki raska	Sýndarbruni/flóð
Móafell	Hólar	Strýtuholar		
Narfastaðir	Þúfa	Peningaþúfa	Ekki raska	Sýndarbruni
Neðra-Nes	Þúfa	Grænaþúfa	Ekki raska	Sjógangur (vafurlogi)
Reynistaður	Hóll	Bjarnhöttur	Ekki raska	Sýndarbruni
Reykir	Þúfa	Landsendaþúfa		
Skefilsstaðir	Bali/flötur	Bláakúlubali	Ekki raska	Sýndarbruni
Slétta	Dý	Peningadý		
Stóra-Holt	Hóll	Neðri-Þinghóll		
Tumabrekka í Hofshreppi	Dys?	Hastur	Ekki raska	Bæjarbruni
Ytra-Malland	Steinn	Gullsteinn		
	Þúfa	Mosaþúfa/Grænaþúfa	Ekki raska	Sýndarbruni/flóð
Þorsteinsstaðir	Þúfa	Peninga-/Þorsteins-/Krossþúfa		
Þverá	Þúfa	Peningaþúfa	Ekki slá/raska	Skeppnum./óhöpp

Ágirnd, níska og álög

Sögur þar sem menn grafa í féþúfur og hauga til að freista þess að ná í grafargóssið hafa yfirbragð varúðarsagna sem menn hafa nýtt til varúðar. Þær minna á að skjótfenginn gróði borgar sig sjaldnast og mönnum hefnist fyrir ágirnd, græðgi og nísku. Munnmælasaga fylgir t.d. Álftavatni á Selnesi sem segir að á Borgarlæk hafi búið kona, Brók að nafni. Brók vildi veiða silung í Álftavatni en Selnesbóndi bannaði henni það. Hún reiddist yfir þessu og lagði þau álög á vatnið að þar skyldi aldrei veiðast silungur og þykir það hafa ræst því þar finnast aðeins hornsíli.⁶² Um Brunnklukkutjörn á Kárastöðum í Hegranesi segir að ekkjan á Kárastöðum hafi lagt á tjörnina að þar ætti alltaf að vera nægur silungur henni og börnunum til bjargar. Þá bjó fjölkunnug kona skammt frá sem Lýsa hét í Lýsukoti. Hún var afbrýðisöm út í ekkjuna og lagði á tjörnina að silungurinn skyldi vera baneitraður. Ekkjan hætti veiðinni og varð ekki meint af.⁶³ Fjölmargar sagnir eru til um að nágrannar hafa rifist yfir veiði í vötnum og hvað gerist ef menn aðstoða ekki nágranna sinn. Yfirleitt enda slíkar sögur með ósköpum.

Álfar

Vegna þess hve erfitt er að aðgreina álagabletti og huldufólksbyggðir er rétt að skoða betur hvaða hugmyndir fólk hafði um huldufólk. Heitin *álfar* og *huldufólk* virðast hafa verið notuð sem samheiti yfir sömu verurnar. Þó lítur út fyrir að hugtakið *álfar* hafi fyrir sumum verið hálfgernt níðyrði. Oft er sagt í neikvæðri merkingu að einhver sé álfur eða komi fyrir eins og álfur út úr hól, og átt við að viðkomandi viti ekki neitt eða sé verulega utanvið sig. Álfaheitið var því stundum tengt hjákátlegu fólki. Kona ein er sögð hafa atyrt dreng fyrir óæskilegt athæfi og kallaði hún hann álf. Þá á huldukona að hafa sagt:

⁶² ÖStAM- Selnes (1932). Margeir Jónsson skráði, bls. 1–2.

⁶³ ÖStAM- Kárastaðir (án ártals). Jón Normann skráði, bls. 2–3.

„Við huldufólkið erum ekki meiri álfar en þið mennirnir.“⁶⁴ Alla jafna þótti ekki ráðlegt að styggja huldufólk með uppnefningum og aðeins var það kallað álfar ef engin neikvæð merking var lögð í heitið. Þetta hefur þó sannarlega ekki verið algilt og víðast virðast heitin hafa verið notuð jöfnum höndum, eins og gert er í þessu riti.

Ljóst er að þegar við tölum um álfa eða huldufólk í dag, leggjum við ekki sama skilning í fyrirbærið og gert var í fornnorrænni trú, og það eru ekki sömu verur og birtast t.a.m. í Eddukvæðunum.⁶⁵ Álfar í norrænni trú virðast hafa verið guðlegar verur og virðast þeir hafa haft sömu stöðu og goð og jötnar. Á meðan Ísland var að byggjast virðast menn hafa notað fremur orðið *náttúruvættir* í stað *álfa* eða *huldufólks*.⁶⁶

Álfatrúin hélt langt fram á 20. öld, en Jónas Jónasson frá Hrafnagili nefnir í bókinni *Íslenskir þjóðhættir* að „mennsk stúlka trúlofaðist huldumanni úti í Fljótum nú fyrir fám árum (nokkru eftir 1900)“.⁶⁷ Þá segjast margir núlifandi menn og konur hafa komist í tæri við huldufólk, dreymt það eða séð. Segja má að enn lifi í huldufólkstrúarglæðum.

Huldufólk í „lífi og leik“

Þjóðtrú er lifandi afl og hún breytist í tímans rás. Þannig má segja að þjóðtrú seinni alda beri ekki eins mikinn goðablæ og sagnir fyrri alda bera vitni um. Álfarnir í seinni tíð eru í flestu afar líkir mannfólkinu, en þó ósýnilegir mönnum öðrum en skyggnum og þeim sem þeir vilja birtast. Sumir sögðu eina sjáanlega mun á huldufólki og mönnum hafi verið sá að þá vantaði miðnesið á nefi. Aðrir sögðu þá hafa bungu í stað lautar neðan við miðnesið og niður að efri vör. Að gáfum þótti

⁶⁴ Árni Böðvarsson, 1954, bls 7.; Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, (I bindi), bls. 3.

⁶⁵ Terry Gunnell, „Það er til fleira á himni og jörðu, Hóras“, bls. 801–812.

⁶⁶ Terry Gunnell, How elvish were the Alfar?, bls. 111–130.

⁶⁷ Jónas Jónasson, *Íslenskir þjóðhættir*, bls. 407.

huldufólk bera af mönnum, sem og í andlegum málum.⁶⁸ „Álfar eru að sumu leyti fullkonnari en menn, en að sumu leyti ekki og jafnvel ófullkonnari og þrá því oft samband við mennina og samvistir við þá.“⁶⁹

Um híbýli álfa er sagt að þeir búi hvarvetna, ekki aðeins í klettum og hólum landsins, heldur einnig í lofti og sjó (og eru þá kallaðir marbendlar). Bústaðir þeirra þóttu oft mikilfenglegir og skrautlegir en einnig voru kotbændur í hulduheimi.⁷⁰

Af lýsingum að dæma þótti lítil munur á lifnaðarháttum huldufólks og manna. Huldufólk fæddist og dó, en taldist langlífara en menn. Dægradvöl þeirra var sú hin sama og í mannheimum, þeir stunduðu sinn búskap, borðuðu, drukku og



Mynd 5. Álfasteinn í Lyngholti. Steinninn var látinn í friði þegar nýtt hús var byggt í Lyngholti, til öryggis.

skemmtu sér með hljóðfærslætti og dansi. Eins og mannfólkið hélt huldufólkið fardaga, en þá höfðu þeir bústaðaskipti, venjulega um jóla- og nýársleitið. Búfénaður þeirra, kýr og kindur var talinn vænni en manna.

Margar sagnir eru til um að fólk sá kýr og kindur sem ekki tilheyrðu mannheimum og heyrði hljóð, bæði strokk- og rokkhljóð úr steinum og klettum, sem bendir til þess að vinna innan heimila huldufólks hafi verið eins háttað og í mannheimum. Almenn trú gerði ráð fyrir góðu og illu huldufólki. Góða huldufólkið var iðulega kristið, sótti kirkjur og stundaði helgisiði og vitna örnefni víða enn til þess. Þeir illu voru sagðir ókristnir og gerðu mönnum grikk og tjón.

⁶⁸ Jónas Jónasson, *Íslenskir þjóðhættir*, bls. 406–407.

⁶⁹ Jónas Jónasson, *Íslenskir þjóðhættir*, bls. 406.

⁷⁰ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (I. bindi), bls. 3–4.


Alla jafna var huldufólk alvarlegt og lítið fyrir glens og gáska í daglegu lífi, þrátt fyrir veglegar veislur á hátíðardögum. Margar sögur eru til af því að menn hafa gerst of nærgöngulir við hífýli álfa og hefnst fyrir. Þetta á bæði við börn og fullorðna en þó virðist huldufólk hafa fyrirgefið þeim er ekki vissu að um huldubústað væri að ræða. Til þess var ætlast að fólk sýndi huldufólksbústöðum virðingu og aðgát, eins og um mannabústað væri að ræða. Huldufólk reiddist ef menn sýndu græðgi og ásældust það sem huldufólkið taldi sig sjálft eiga. Oft lét huldufólkið þá vita af sér og varaði mannfólkið við, en sæi fólk ekki að sér var hefndin yfirvofandi.⁷¹

Flokkar huldusagna

Þegar huldufólksögur eru skoðaðar má greina ákveðin þemu sem eru lýsandi fyrir samskipti manna og huldufólks í hvaða mynd sem þau kunna að birtast. Jón Árnason greindi sögurnar í átta flokka og hér verða gefin dæmi um sögur úr hverjum flokki sem tengjast byggðum Skagafjarðar.

***Huldumanna genesis.** Þetta er fyrsti flokkur álfasagna í riti Jóns Árnasonar og eru þar sögur um uppruna álfa.*

Uppruni álfa

 inu sinni var maður á ferð. Hann villtist og vissi ekki hvað hann fór. Loksins kom hann að bæ sem hann þekkti ekki neitt. Þar barði hann á dyr. Kom kona roskin til dyra og bauð honum inn. Hann þáði það. Voru húsakynni fremur góð á bænum og þokkaleg. Konan leiddi manninn í baðstofu og voru þar tvær stúlkur ungar og fríðar fyrir. Ekki sá hann fleira fólk á bænum en hina roskenu konu og stúlkurnar. Var honum vel tekið, gefinn matur og drykkur og síðan fylgt til sængur. Maðurinn bað um að fá að sofa hjá annari stúlkunni og var það leyft. Leggjast þau nú út af. Vildi þá maðurinn snúa að henni, en fann þar engan líkama sem stúlkan var. Þreif hann þá til

⁷¹ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (I bindi), bls. 5–6.

hennar, en ekkert varð milli handa hans; þó var stúlkan kyrr hjá honum í rúminu svo hann sá hana alltaf. Hann spyr hana þá hvernig þessu víki við. Hún segir að hann skuli ekki undrast þetta, „því ég er líkamalaus andi,“ segir hún. „Þegar djöfullinn forðum gjörði uppreið á himni þá var hann og allir þeir sem með honum börðust rekinn út í hin yztu myrkur. Þeir sem horfðu á eftir honum voru og reknir burtu af himni. En þeir sem hvorki voru með né móti honum og í hvorugan flokkinn gengu voru reknir á jörðu niður og skipað að búa í hólum, fjöllum og steinum og eru þeir kallaðir álfar eða huldumenn. Þeir geta ekki búið saman við aðra en sjálfa sig. Þeir geta gjört bæði gott og illt og það mikið á hvern veginn sem er. Þeir hafa engan slíkan líkama sem þér mennskir menn, en geta þó birzt yður þegar þeir vilja. Ég er nú ein af þessum flokki hinna föllnu anda og því er engin von að þú getir haft meira yndi af mér en orðið er.“ Maðurinn lét sér þetta lynda og sagði síðan frá því sem fyrir sig hefði borið.⁷²

Álfar leita liðveislu manna. Sagnirnar segja frá því þegar huldufólk leitar aðstoðar í mannheimum og þegar menn hafa sýnt greiðvikni að fyrri bragði. Oft sækja huldumenn aðstoð fyrir eiginkonur sínar í barnsnaud. Þeim sem aðstoða álfa er ríkulega launað í greiðum og gersemum. Sé aðstoð ekki veitt hefjist fólk fyrir.

Guðríður í Hvammi og Álfkonan



ringum 1760 – 80 bjó lengi í Hvammi í Fljótum Gísli faðir Þorvaldar. Kona Gísla hét Guðríður. Það var einu sinni snemma vetrar að Guðríði dreymir að til hennar kemur ókunnug kona og biður hana að hjálpa sér á hverju kvöldi um nýmjólk í merkurkönnu og setja hana á vissan stað í eldhúsinu. Gerði Guðríður þetta allan veturinn og var á hverjum morgni horfin mjólk-in úr könnunni. En þegar hún á sumardagsmorguninn fyrsta ætlar að taka könnuna þá liggur þar rósuð samfella með stórum laufasilfurhnappi í. Átti Guðríður þessa samfellu alla ævi síðan.⁷³

⁷² Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (I. bindi), bls. 7.

⁷³ Rósuð samfella er pils með útsaumum blómum, laufasilfurhnappur er laufskorinn silfurhnappur. Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (III. bindi), bls. 24.

Ekkjan í Höfn



Höfn í Fljótum bjó eitt sinn ekkja sem Sigríður hét. Hún var fremur fátæk. Eitt sinni sat hún uppi á palli hjá börnum sínum; sá hún þá að ókenndur maður, mjög stór, kom inn á gólfíð, settist þar á stein og talaði ekki orð. Sýndist henni að þetta mundi ekki vera mennskur maður. Hún smeygði sér ofan og fram hjá honum og fram í búr. Hún átti þar nýmjólk í einu trogi, hún átti og ögn af skyri og graut og lét ofan í trogið og lét þar svo í búrsleifina sína. Nú bar hún inn fullt trogið og setti á hnén á manningum og fór svo upp á pallinn. Maðurinn át allt úr troginu, setti það upp á pallinn og sagði: „Hafðu þökk fyrir, kona góð, það er til að þitt verði ekki minna fyrir þetta.“ Svo gekk maðurinn út. Eftir þetta snerist ekkjunnin allt til láns og varð hún innan fárra ára vel megandi.⁷⁴

Huldufólk í Vökuhól



öndverðri 16. öld var sá prestur í Hvammi í Laxárdal (ytri) er Einar hét og var Úlfsson. Þá bjó sá bóndi á Hafragili er Þorsteinn er nefndur Þórðarson; með honum var á vist griðkona ein Sigþrúður að nafni. Í túninu á Hafragili er sá höll er Vökuhóll heitir. Milli hólss þessa og bæjarins fellur brunnlækur lítill. Svo er sagt að eitt kvöld um vetur væri Sigþrúður að vatna kúm; kemur þar þá maður ókunnur til hennar að læknum og biður hana ganga með sér. Hún gerir sem hann biður og ganga þau í hólinn. Þar sér hún konu liggja á gólfi, og getur eigi fætt. Sigþrúður fer síðan höndum um hana og verður þá konan brátt léttari. Þau huldumaður þakka Sigþrúði vel þetta liðsinni og gefur konan henni að launum linda, svuntu og klút, allt fáséða gripi og góða, en huldumaður tekur upp hjá sér bauk einn og rýður úr honum á annað auga henni og kveður hana síðan munu sjá nokkuru fleira en alþýðu manna, en biður hana þar þó eigi orð á gjöra. Sigþrúður heitir því. Síðan fylgir hann henni aftur til lækjarins, og skilur þar með þeim. Nokkru síðar er Sigþrúður þessi stödd vestur í Höfðakaupstað; var þar þá kaupstefna sem mest. Þar kennir hún aftur huldumanninn kunningja sinn og er hann að taka út ýmsan varning í búð kaupmanns og er svo sem enginn sjái hann. Sigþrúði varð hverft við og mælti til hans: „Vara þig maður.“ Hann leit við henni og brá fingri sínum á auga henni,

⁷⁴ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (III. bindi), bls. 25.

það er hann hafði fyrr roðið á úr bauknum, enda var hann henni þá horfinn og sá hún hann aldrei síðan né heldur fleira en aðrir menn.⁷⁵

Álfar sýna mönnum góðvilja. Sagnirnar segja frá því að álfar sýni mönnum vinsemd af fyrra bragði. Slík vinsemd birtist oft í formi ljósa þegar menn eru villtir eða öðru slíku.

Grímsborg



orðanvert við túnið í Ketu á Skaga stendur Klettaborg ein há og þverhnípt; hún er kölluð Grímsborg. Þar á jafnan að hafa búið huldufólk í borginni og hver verið nefndur Grímur er þar réð fyrir. Var það sögn gamalla manna á Skaga, þeirra er nú eru fyrir skömmu andaðir, að í þeirri tíð byggi fjórir huldumenn í borginni, tveir karlar og tvær konur, og gengi jafnan tvennt senn heim að Ketu og hlýddi tíðum þá er þar væri messað, en tvennt sæti heima. Einn tíma er sagt að væri harðindi mikil á Skaga svo að lægi við mannfelli af hungri. Þá var það einn dag um vorið sem oftur að leið bóndans í Ketu lá fram hjá borginni; varð honum þá ljóð af munni og kvað:

„Láttu reka reyður
ríkur ef þú getur.
Brátt undir björgin ytri
Borgar-Grímur á morgin.“

Þá var svarað úr borginni og kveðið:

„Reki reyður að landi
rétt að Ketusandi
heljar bundið bandi
til bjargar lýð þurfandi.“

⁷⁵ Griðkona er vinnukona. Brunnlækur er lækur sem brunnur er í. Höfða-kaupstaður, nú Skagaströnd. Kaupstefna var þegar heimamenn sóttu í kaupstaðinn þar sem kaupmenn seldu varning sinn, einkum þeir sem sigldu með varning til landsins. Kaupstefna stóð í nokkra daga í senn. Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (III. bindi), bls. 28–29.

En um morguninn eftir var rekinn reyðarhvalur mikill undir Ketubjörgum og varð mörgum manni gagn að. Önnur Grímsborg er innar á fjallinu vestan megin Laxárdals; það er í landi þeirrar jarðar er Hafragil heitir. Í þeirri borg hefur verið hrísrif gott. En sú trú hefur legið þar á að eigi mætti rífa í borginni fyrir því að þá ætti sá að verða fyrir einhverjum skaða er rífa léti; gripatjóni, eldsvoða eða öðru þess konar.⁷⁶

Álfarnir hjá Víðivöllum



Klökkum hjá Víðivöllum sá maður nokkur á jólanóttina stórt hús allt ljósum prýtt. Hann gekk þar inn og fékk góðar viðtökur og ágætan beina; morguninn eftir er hann vaknaði lá hann á berum klettunum og sá hvorki veður né reykt af húsinu.⁷⁷

Álfar gjöra mönnum mein. Stundum kemur fyrir að huldufólk geri mönnum mein. Fjölmargar sagnir segja frá því að fólk hefur farið ógætlega um huldufólksbyggðir eða kastað óafvitandi steinum í átt að huldufólki. Undir þennan flokk falla sagnir um álagabletti þar sem fólk hefur slegið ákveðna bletti og hefnt fyrir vegna þess að blettirnir tilheyrðu huldufólkinu.

Djúpatjörn



Skörðum, það er byggð í fjöllum milli Skagafjarðar og Húnavatnssýslu, er bær einn sem nefndur er Selhólar. Nálagt honum er tjörn sem kölluð er Djúpatjörn. Í tjörn þessari er mergð af silungi smáum og stórum, en hvenær sem net eru lögð í tjörnina finnast þau ávallt að morgni upp á bakka, annaðhvort undin saman í hnykil ellegar rifin í sundur. Þetta hefur oft verið reynt og hefur jafnan farið á sama veg. Eitt sinn var fólk á grasafjalli og lá við Djúputjörn. Einn morgun kom stúlka út úr tjaldinu um sólaruppruna. Sá hún þá fimm báta á tjörninni og tvo menn á hverjum nema þrjá á einum, og var sá báturinn stærstur. Vóru þeir að draga upp net og öfluðu vel. Þóttist hún vita að þetta mundi vera huldufólk og hafði

⁷⁶ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (I. bindi), bls. 27.

⁷⁷ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (I. bindi), bls. 24.

augun á bátunum. En þegar henni varð litið af sá hún þá eigi frammar.⁷⁸

Umskiptingar og hyllingar álfa. *Huldufólk hneigðist til þess að stela börnum úr mannheimum. Á meðan börnin voru í vögggu var hætta á að álfar reyndu að skipta þeim út og í staðinn voru sett óvær börn, sem oftast en ekki reyndust úrillir karlar í barnslíki. Voru þeir kallaðir umskiptingar. Ekki var ráðlegt að skilja ungabörn eftir ein, nema að krossa bæði undir þau og yfir. Eldri börnin reyndi huldufólkið að tæla eða lokka til sín.*

Barnsvaggan á Minni-Þverá



ristún á Minni-Þverá (sagan gerist um 1830-40) sagði frá því um móður sína sem var skyggð að hún hefði verið með ömmu Kristínar á engjum og séð einu sinni konur tvær koma ofan úr fjalli og leiða karl á milli sín sem eitthvað bar. Þegar þær komu nær leystu þær þjónkuna ofan af karlinum; sá hún þá að það var vagma og breitt með rauðu yfir. Síðan tóku þær karlinn og börðu hann utan svo hann fór að smáminnka og var orðinn pattakorn. Þá tóku þær hann enn og hnoðuðu unzt hann var orðinn eins lítill og vöggubarn. Lögðu þær hann þá í vögguna, breiddu rauða klæðið yfir, báru hana svo milli sín og stefndu með allt saman heim að bænum. Stúlkan sagði þá móður sinni frá því sem hún hafði séð; en móðir hennar brá skjótt við, hljóp heim og varð fyrri en huldukonurnar að barnsvögggu sem hún hafði látið standa á hlaðinu. En þegar huldukonurnar sáu það tóku þær barnið sem þær voru með úr vöggunni og rassskelltu það, smáhröktu svo og hrintu því á undan sér. Við það stækkaði karl þeirra óðum aftur þangað til hann varð eins og hann var upphaflega; hélt hann svo með þeim upp í fjall og hurfu þau þar öll.⁷⁹

⁷⁸ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (I. bindi), bls. 40. Sjá einnig söguna Álfkonan á Fossum: Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (III. bindi), bls. 53.

⁷⁹ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (I. bindi), bls. 44.

Sigríður frá Þorgautsstöðum



rá því hefur verið sagt að Sigríður, sem var 1850 á Sigríðarstaðakoti í Holtshreppi í Skagafjarðarsýslu, en uppalin á Þorgautsstöðum í sama hrepp, hafi einu sinni verið að leika sér ung úti á svellum en fól var á jörðu. Sýndist henni þá móðir sín ganga þar upp eftir og elti Sigríður hana lengst upp í fjall, þangað til loksins að hún vissi ekki fyrr til en hin rétta móðir hennar greip aftan í hana. Hún hafði sumsé saknað Sigríðar, komist á förin hennar og elt hana.⁸⁰

Huldufólk leitar laga við mennskar manneskjur. *Margar sagnir eru til um að huldufólk leiti laga við einstaklinga í mannheimum. Stundum eru manneskjur numdar á brott, en stundum er ástin með í spilum. Ekki þótti ráðlegt að neita huldufólki fylgilags en verra þótti ef heit og loford voru brotin, því huldufólk hefndi tryggðarbresta.*

Helga Prestsdóttir



fyrndinni bjó prestur nokkur á Fellum í Sléttuhlíð sem Þórður hét. Kona hans hét Þóra. Hún var kvenna vænst. Þau áttu dóttur eina sem Helga hét. Helga var fríð sýnum og þótti hún hinn besti kvenkostur þar um sveitir. Hún hafði tvo um tvítugt þegar saga þessi gjörðist. Urðu margir hinna ungu manna til að biðja hennar og var öllum frá vísað. Mæltu það sumir að hún væri mannvönd enda væri hún væn. Helga prestsdóttir var vitur og góð af sér; var hún og afskiptasöm um allan verknað og umhyggjusöm um að fólkið á bænum væri vel haldið til fata og matar; þess vegna unnu henni öll hjú föður hennar og virtu hana. Allt í einu bregður undarlega við að Helga verður fáskiptin og sinnir lítt um bústörf. Fer hún oft einförum, og tók þetta mein til með veturnóttum. Enginn gat skilið hví prestsdóttir sækti svo mjög einveru. Sumir ætluðu að því mundi valda sjúkdómur, en aðrir einhver kynngi. Vannst þar engi bót á. Leið þannig veturinn til jóla. Prestur hélt fjármann sem Þorleifur hét. Hann var ötull og trúr og vel viti borinn. Honum féll þungt um sjúkleika prestsdóttur því hún hafði hylli hans eins og annarra. Þor-

⁸⁰ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (I. bindi), bls. 46.

leifur fór hvern morgun snemma á fætur. Hafði hann beitarhúsa-göngu allanga og hélt fé vel til beitar. Kom hann og ekki fyrri heim af húsum jafnaðarlega en komið var fram um dagsetur. Aldrei fór Þorleifur svo snemma á fætur eða að heiman til beitarhúsanna um morgna að ekki væri prestsdóttir fyrri á fótum, og þó hann kæmi seint heim að kveldi sá hann hana oftast einhvernstaðar á rjástli með bók í höndum, jafnvel þó veður væri á stundum kalt og hvasst, og las hún sí og æ með mesta áhuga. Aldrei skipti Þorleifur sér neitt af henni eða hnýsti um hagi hennar. Á jólanótt eftir dagsetur kom Þorleifur heim af húsum eftir vana og var tunglsljós á og veður gott. Þegar hann kemur heim undir bæ sér hann mann og konu standa að kór-baki.⁸¹ Þau eru bæði að lesa á sömu bók og líta ekki af. Þorleifur þykist þekkja að kona sú var prestsdóttirin, en karlmanninn þekkir hann ekki. Þorleifur gengur heim á hlað og hittir engan úti, snýr hann þá út í kirkjugarð og læðist meðfram kirkjunni að baki þeim sem hann hafði þar séð og gat komið sér svo við að hann sá glöggt vöxt og yfirbragð þessa manns. Hann var á rauðum klæðum, vel vaxinn og hinn liðmannlegasti. Uppháan hatt hafði hann á höfði; hár hans var gult og hrokkið og liðaðist niður um herðar; andlitið var vel fallið, augun skær og snör, nefið rétt, en þó mundi ekki vera nema ein nösín; munnurinn var nettur, hakan lítið eitt framsett og spor í. Ekki vildi Þorleifur að prestsdóttir yrði sín vör og hvarf hann heim til bæjar og inn. Hann litadist þar um án þess á bæri og sá allt heimilisfólkið nema prestsdóttirina, hana sá hann ekki. Vék svo til rúms síns og lagðist til svefns. Þorleifur sofnar og vaknar aftur við það að hringt var til tíða. Gekk þá allt fólk í kirkju og Þorleifur síðast. Hann tók strax eftir því að prestsdóttir var ekki í kirkju. Þegar inn var komið aftur úr kirkjunni var það fyrst að prestsdótturinnar var saknað og var hennar leitað um bæinn, en hún fannst ekki. Þá var strax leitað til annara húsa á túni og svo til næstu bæja og fannst Helga hvergi. Ekki gat Þorleifur um það sem fyrir hann bar við nokkurn mann og var þó leitinni áfram haldið um heilan mánuð. Harmaði prestur mjög hvarf dóttur sinnar og öllum þótti mikið um vert. Liðu nú tímar fram á góu og fyrntist nokkuð yfir hinn fyrsta harm. Þá var það einn góðan veðurdag að Þorleifur vinnuáður var árla á fótum og fór á beitar-

⁸¹ Kórbak. Íkirkja stóð í Tungu fram á seinni hluta 17. aldar.

hús. Hann lét út sauði og rak í haga; síðan gekk hann heim til bæjar. En er hann hafði litla stund setið datt allt í einu á mesti kafaldsbylur og var Þorleifur sauðamaður þá ekki seinn á sér, hljóp hann út í kafaldsbylunn og ætlaði að hitta sauði sína og koma þeim í hús. Hann fór um sinn í hriðinni og vissi ekki hvað hann fór og hittir loksins fyrir sér reisulegan bæ og veglegan. Datt þá veðrið niður og var blítt þegar, en ekki sá hann vítt yfir. Kona stóð úti fyrir dyrum og vék hann þangað og þekkir að þessi er prestsdóttirin. Hún heilsar á hann með nafni vingjarnlega og hann tók kveðju hennar, en var eins og hissa. Hann spyr hverju það gegndi að hann sæi hana þar og hver sá bær væri er hann þekkti ekki. Hún bað hann ekki undrast slíkt, en hún kvaðst eiga nú þar heima; skyldi hann vera alls óhræddur og koma inn með sér. Þorleifur þekktist það og leiddi hún hann inn; þau komu í eitt herbergi lítið, en fallett; þar var ein sæng, borð og sæti. Þar vísaði hún honum til sætis. Allt sýndist honum nokkuð með öðru móti í húsi þessu en hann hafði áður séð; að vísu þótti honum það ekki viðhafnarlegt, en þó allt dýrlegt; einkum var rúmfatnaður og rúmtjöld aðdánleg. Hún segir að hann muni gista þar í nótt og bað hann að láta sér ekki leiðast; kvað hún hann ekki þurfa að bera áhyggju fyrir fé föður síns því það sé allt komið í hús þegar, og líka hafi því verið gefið föður því hrið sú sem á hafi dottið sé með sínu ráði til þess hann villtist þangað. Nú hressist Þorleifur við. Helga dúkar þá borðið og ber fram mat og bjór; var það margréttað og þó mest kjötmeti, en allt með öðrum hætti en hann hafði vanist; allur var borðbúnaður úr skíru silfri. Hún segir að hann megi neyta matarins því hann sé ljúffengur og hollur og hafi hún sjálf matreitt. Tók hann þá óspart til matar og drakk bjór með góðri lyst og þótti honum allt ljúffengt eins og hún hafði sagt. Ekki varð hann þar annarra manna var, en það heyrði hann að þar nálægt sér var slegið á hljóðfæri og helst leikin sorgarlög. Nú segir hún honum að hún hafi hann þangað leiddan í því skyni að inna honum af högum sínum, en hann segði aftur foreldrum sínum svo þau mættu hyggja af harmi þeim sem þau bæru út af hvarfi hennar. Kvað hún huldumann hafa komið til sín á næstu veturnóttum áður og verið sér mjög fylgisaman. Hefði hann jafnan talað um ást sína til hennar og beðið sín til eiginkonu. Það hefði sér fallið mjög svo þungt, en ekki séð það mögulegt að færast undan. Hún hefði því áskilið við hann að hann kristnaðist áður en hún gengi með honum og hefði hann óðar tekið þeim kosti; því hefði hún oft verið einförum eins og Þorleifi væri öðrum fremur kunnugt,

að hún hefði verið að kenna honum að lesa og uppfræða hann í kristindómi; og svo hefði seinast verið er Þorleifur sá þau á jólanóttina áður en hún hvarf á burtu. Kvaðst hún hafa vitað að hann þá forvitnaðist um hagi þeirra, en vel skyldi honum verða fyrir þagmælskuna. „Nú er ég,“ segir hún ennfremur, „kona þessa huldumanns og hér húsfreyja; og líður mér mæta vel. Hefir bóndi minn sýslu um allan Skagafjörð og er dómari allra huldumanna í héraðinu.“ Það eitt sagði hún að nú brysti á fullan fögnuð í sínum húsum að maður sinn hefði vandamál á hendi er hann þyrfti að dæma í landaþrætu milli föður síns og afa og hlyti dómurinn réttvísinnar vegna að falla móti föður hans. Helga býður síðan Þorleifi góðar nætur, segir að hann megi nú taka á sig náðir og gekk burtu. Þorleifur háttar; sofnar hann skjótt og vaknar ekki fyrir en bjartur dagur var kominn. Þegar hann hafði klæðst kom Helga inn til hans og bar honum vistir og bjór. Þegar hann hafði etið og drukkið bjóst hann til heimferðar. Kom þá Helga með gjafir sem hún bað hann flytja frá sér til foreldra sinna. Sendi hún föður sínum hökul úr dýrum vefnaði, lagðan gullborðum og altarisklæði, en móður sinni motur⁸² og hálsmen; voru þetta allt mestu gersemar og var hökullinn til enn á 17. öld á Staðarstað á Ölduhrygg og þótti enn besti gripur og trúað að gæfa fylgdi. Þorleifi gaf Helga sjóð allmikinn og kvað hann skyldi aldrei pyngjuna skilja við sig og mundi hann ekki fé skorta. Segir hún honum að það vor muni hann fara burt frá Fellum og fari hann til Hrítafjarðar og eignist þar góðan kvenkost og verði þar auðsæll, langlífur og vinsæll. Kvaðst hún eiga þar í firðinum vinkonu eina og hefði hún þegar skrifað henni til og beðið hana fyrir Þorleif er hann kæmi þangað. Hún væri huldukona og mundi reynast honum vinhold. Fylgir þá Helga Þorleifi til dyra og bað heilan á burtu fara og bera foreldrum kveðjur sínar ásamt gjöfunum. Þorleifur kveður hana og skilja þau með vináttu. Gekk hann síðan á stað frá bænum eins og hún vísaði honum leið til. Veður var gott, en ekki bjart; en þegar hann var skammt á veg kominn varð honum lítið til baka heim til bæjarins. Sér hann þá engan bæ, heldur klettana fyrir ofan Fell, enda sá hann þá heim að Fellum. Þegar hann kom heim afhenti hann gjafirnar frá Helgu og sagði það um hagi hennar sem þegar er áður

⁸² Höfuðbúnaður úr hvítu lérefti.

sagt. Um ævi sjálfs hans fór allt eins og Helga sagði honum. Og endar svo sagan af Helgu prestsdóttir frá Fellum.⁸³

Frá Eyjólfvi og Álfkonu



unnlaugur prestur Þorsteinsson er annálinn reit bjó að Ytra-Vallholti í Vallhólmi í Hegranesþingi. Söng hann tíðir á Víðimýri og Flugumýri yfir 36 ár. Prestur var einrænlegur og haldinn margfróður; hvarf hann löngum, einkum á nóttum, og var því trúað að hann dveldist þá með álfum. Sá ungar maður var á vist með presti er Eyjólfur hét, allmannvænlegur og þótti gott mannsefni, og var presti vel til hans. Það var oft að Eyjólfur bað prest að lofa sér með sér í leyniferðir þær er prestur fór. Prestur var allregur til og kvað eigi víst að honum yrði til hamingju. Eyjólfur vildi eigi það heyra og sótti á því fastara. Leiddist presti nauð hans og hét honum förinni með kostum þeim að hann breytti þá að öllu eftir sér og gætti þess sem vandlegast að bregða út af því í engu. Hét Eyjólfur því. Síðan fór Eyjólfur með presti nýjárðsdagsnótt fram til Skipphóls við Vindheimamela og er þeir komu þar opnaðist hóllinn fyrir þeim. Komu þeir þar í herbergi fagurt; voru þar fyrir tvær konur, önnur við aldur, en þó in erriligasta og væn álitum; önnur var mær ein fögur, þó gjafvaxta að sjá. Fagnaði eldri konan presti báðum höndum; en báðum var þeim presti vist borin hin besta og að öllu farið sem hæversklegast. Síðan voru tvær rekkjur búnar og steig þegar prestur og hin eldri konan í aðra. Hin yngri afklæddi og sig allt að nærfötum þá hún hafði þjónað þeim presti til sængur, steig upp í aðra rekkjuna og spyr ef Eyjólfur vill hvíla sig þar hjá sér. Hann þagði við; bað hún hann þá blíðlega og tók hönd hans að hvílast hjá sér. Eyjólfur svarar þá styggilega: „Ég stel engu þó ég standi hérna.“ Reiddist hún þá og mælti: „Vertu þá héðan af aldrei óstelandi.“ Prestur mælti: „Nokkra bót muntu þó vilja við leggja?“ „Vera má það fyrir þín orð prestur og sakir móður minnar að ég læt það um mælt að engin snara haldi honum.“ En prestur vítti Eyjólf um óhlýðni sína og heitrof. Fór hann þegar úr hólnum um nóttina og heim í Vallholt. Er það sagt að þegar tók Eyjólfur að stela og strjúka; varð hann þá oft tekinn og átti að

⁸³ Kórbak; Sagan gerist einhvern tímann fyrir 1700 því kirkja stóð í Tungu fram á seinni hluta 17. aldar. Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (III. bindi), bls. 107–110.

hengja, en engi snara hélt honum, en það er sagt að lyktum frá Eyjólfvi að Húnvetningar gripu hann og festu upp hjá Svarthamri við Blöndu. Fór þá sem fyrri að snaran brast og ærðist hann þá svo að hann stökk í Blöndu og drukknaði. Það segja sumir að eftir að Eyjólfur slitnaði úr snöru á Svarthamri við Blöndu næðist hann aftur og ætti þá enn að hengja hann út nær við Blönduós og fær þá enn sem jafnan, að snaran slitnaði, en Eyjólfur kastaði sér til sunds á ána, en maður einn varpaði að honum steini og hæfði höfuð hans og lést hann þar.⁸⁴

Jóla- og nýjársgleði álfa. *Mikið var um að vera bæði í mann- og álfheimum yfir hátíðarnar. Haldnar voru veislur og sam- sæti, hljóðfærsláttur og dans. Huldufólk fluttist iðulega bú- ferlum um þetta leyti árs. Sú hefð var á mörgum heimilum að þrifa bæinn í hólf og gólf, bera ljós í hvern kima hússins svo ekki bæri skugga á um áramótanóttina og opna dyr uppá gátt. Að loknum verkum átti húsmóðirin að ganga um bæinn og segja: „Veri þeir sem vera vilja“ eða „komi þeir sem koma vilja, fari þeir sem fara vilja, mér og mínum að meinalausu“.*

Húsfreyjan á Yztugrund



Þann tíma er kirkja stóð enn að Þverá í Blönduhlíð⁸⁵ bjó kona nokkur á Ystu-Grund. Hún var ógift og er eigi getið nafns hennar. Hún stjórnaði sjálf búi sínu, en hélt eigi ráðamann svo að getið sé. Þó átti hún gott bú og jörðina með. Þá var það venja svo sem lengi síðan að prestar fluttu aftansöng á gamlaárskvöld. Húsfreyja lét jafnan heimafólk sitt allt sækja tíðir þennan aftan, en var sjálf heima. Á þessu lá samt nokkur annmarki, því hvern nýársdagsmorgun spurði hún einhvern heimamann eftir hvernig á sér stæði. Var það lengi að engi fékk leyst úr þessari spurningu, en sá féll þegar dauður niður er eigi gat svarað. Eitt gamlaársaftan biður húsfreyja fólk sitt fara til kirkju svo sem vandi var til. Það

⁸⁴ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (I. bindi), bls. 80–81. Sjá einnig Ferming hjá huldufólki: Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (III. bindi), bls. 160–161.

⁸⁵ Þveráarkirkja stóð fram á 16. öld.

gerði sem hún bað. Þar var þá smaladrengur einn á vist með henni, Jón að nafni. Hann lést og fara með öðrum heimamönnum, en reyndar leyndist hann eftir á hnotskóg og vildi forvitnast um hagi húsmóður sinnar svo hún yrði ekki vör við. Þegar fólk er allt farið af bænum til tíðanna býr húsfreyja sig í skart svo sem hún skuli einnig til kirkju fara, gengur síðan af stað upp frá bænum og stefnir til fjalls. Drengur fer í humátt á eftir henni. Þau ganga nú bæði uns hún kemur að borg þeirri upp undan Frostastöðum sem Stóraborg heitir; þar klappar hún í einum stað á bergið; lýkst það brátt upp og kemur út maður. Hann heilsar húsfreyju sem konu sinni með miklum fagnaði. Því næst ganga þau bæði inn í bergið og fær drengur skotist inn á eftir þeim svo að þau verða ei vör við. Þar sér hann margt fólk inni og sex börn er hann skilur að þau muni eiga, bergbúinn og húsmóðir sín. Allir fagna húsfreyju vel, þeir sem fyrir eru. Er henni nú búin veisla góð með hinum bestu föngum og setjast menn til matar. En yfir borðum fer bóndi að spyrja húsfreyju hvernig henni líði. Hún lætur vel yfir því og kveður það eitt á vanta að eigi komi sá er geti frætt sig um hvernig á standi. Hún dvelur nú um stund í berginu og skemmtir sér við mann sinn og börn. En er hún hyggur liðið að því að lokið muni tíðum að Þverá býst hún til heimferðar og kveður mann sinn og börn; þykir þeim allmikið fyrir að skilja. Drengur fékk enn skotist út svo að enginn tók eftir honum. Því næst halda þau bæði heim aftur, húsfreyja og drengur, og verður hún ekki vör við för hans. Nú kemur heimafolk frá kirkju og er þá drengurinn kominn í för með því. Húsfreyja fagnar vel hjónum sínum svo sem hún átti vanda til. Nú kemur nýársdagsmorgunn og fréttir hún að venju einhvern heimamanna hvernig á sér standi. Þá verður Jón smali fyrri til svars og segir að hún sé gift kona hér ofan úr Stóruborg og þar eigi hún mann og sex börn. Við þetta varð húsfreyja harla glöð. Launaði hún Jóni svo þessa sögu að hún gaf honum jörðina og þar með búið allt, en sjálf hvarf hún á brott svo að engi vissi hvað af henni varð. Hafa menn fyrir satt að þetta muni huldukona verið hafa og þó í álögum nokkurum. Jón bjó lengi á Ystu-Grund og þótti nýtur bóndi.⁸⁶

⁸⁶ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (III. bindi), bls. 165–166.



Mynd 6. Frá smalabyrginu á Akradal er víðsýnt, eins og fram kemur í næstu sögu. Á myndinni er horft fram Heimdal í þokumóðu. Tungufjall er til hægri og Tungufjallsáinn rennur eftir dalbotninum að ármótum við Djúpadalsá.

Flutningur álfa og helgihald



[rið] 1819 var unglingspiltur á Stóru-Ökrum í Skagafirði, Guðmundur að nafni, kominn undir tvítugt. Hann var smali. Hann lét út kindur fyrir dag aðfaradagsmorguninn eftir þrettándann og var þá gott veður. Rak hann kindurnar fram á dal er þar var beitt þegar veður var bærilegt. Þegar hann kom með kindurnar á dalinn sá hann hvar lest fór. Í þeirri lest voru bæði karlmenn og kvenmenn, einnig börn, og sat kvenfólkið og börnin í kerrum, en mikið farteski var á hestunum. Guðmundi kom ekkert til hugar en það væri hans kyns fólk, þó ólíklegt þætti um þann tíma að fólk væri með flutning á ferð og svo það að það sæti í kerrum. Hann vildi finna fólkið og hljóp frá kindunum, en það herti sig að komast undan út með klettum nokkrum. Komst hann samt á bí við það, en ei gat hann við það talað því svo var langt á milli. Líka fór að koma í hann tvíl [efi um] hvað þetta væri. Nú kemur það að hömrum nokkrum og tekur ofan af hestunum. Sýnast honum þar opnar húsdyr og ljós inni

brenna, og þó þrennar eður fjórar dyr opnar. Sér hann fólk þetta gengur þar að. Kvenfólkið gengur inn og börnin, en karlmenn láta inn farteskið í hin húsin. Eftir það heyrði hann hringingar og söng, en ekkert orð skildi hann þegar hann kom að klettunum. Voru þá líka aftur luktir klettarnir, en kerrurnar er honum sýndist kvenfólk og börn í vera voru fyrir augum hans steinar. Sá hann nú hvað þetta fólk var. Vildi hann nú halda þaðan sem fljótast. Seig þá að honum svefn svo dár (mikill) að hann gat ei gengið. Honum fylgdi og magnleysi svo að hann lagði sig niður og sofnar. Vaknar hann síðan aftur og er þá kominn dagur. Hann gengur nú magnlíttill upp undir klettana. Verður hann þá enn að leggja sig hjá klettunum, sofnar strax og vaknar við að honum fannst kalt vatn sé að drjúpa á kinnvanga sér. Var þá dagur kominn um allt loft. Hann fann litla vætuna þá hann vildi strjúka, en þá var hann búinn að fá megn sitt og krafta. Var þó nokkuð vinglaður. Komst þó til kinda sinna er allar voru í hóp í dalnum. Rak síðan kindurnar heim um kvöldið og lætur þær inn í húsin mjög óreglulega, fer svo heim. Þótti fólki hann mjög eyðilegur í nokkurn tíma þar eftir, en það smáfór þó af honum og bar svo ei meira á honum af soddan.⁸⁷

***Fleira um jarðbúa:** Síðasti flokkur sagna um álfa er helst til óhefðbundinn. Svo virðist að í íslenskri sagnavitund að fornu og nýju, hafi ekki alltaf verið gerður skýr greinarmunur á álfum og dvergum eða púkum og vondum álfum. Dvergar eru ennfremur frekar sjaldséðir í sagnamenningu Íslendinga.*

Álfarnir í Drangey



inu sinni bjó megandi bóndi að Höfða á Höfðaströnd sem ekki er getið um að hafi átt barn með konu sinni, en dreng fósttraði hann upp sem honum þótti mikið vænt um og sem þótti vera mjög frábær í uppvexti. Svo bar við aðfangadag jóla þegar téður drengur var á fjórtánda ári að sækja átti sauði fram í Drangey er slátra átti til jólanna. Þá fékk drengur það innfall að hann biður fósttra sinn óaflátanlega að lofa sér að fara fram í eyjuna að sækja sauðina. Bóndi var tregur til, en sagði loksins að ef piltarnir leyfðu

⁸⁷ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (I. bindi), bls. 120.

honum að fara með skipti hann sér ekki af því. Síðan lögðu þeir frá landi og tókst ferðin vel, þar til þeir voru búnir að smala féð og taka það er þeim var falið á hendur að velja til slátrunar, báru svo á skip, en létust þá hafa gleymt vettlingum upp á eyjunni. Drengur bauðst til að hlaupa upp eftir vettlingunum og á meðan héldu þeir frá eyjunni, en skildu piltinn eftir er sá á eftir þeim með tárin í augunum. Þegar hann sá þeir voru komnir svo sem miðja vegu milli lands og eyjar brast í stórhrið svo hann missti sjónar á þeim og taldi þá frá, og sjálfur bjóst hann við að deyja þarna úr hungri og kulda. Þegar hann var búinn að horfa sér til leiðinda á hvernig ein holskeflan eftir aðra sprungu á skerjunum án afláts svo hann þóttist ekki vel kominn þar sem svo var lítið undirlendi, forðaði hann sér því upp á eyjuna að leita sér að skýli hvar hann gæti borist fyrir. Var afar mikið frost og snæfok. Varð honum reikað þangað sem fyrir honum varð skáli eða kofi sem byggður hafði verið handa fé til skjóls í kafaldshríðum. Gekk hann þar inn og sópaði saman hálmi og fól sig þar og hlúði að sér sem honum var mögulegt. En þegar dagsett var heyrir hann hark mikið úti hjá skálanum. Þar næst heyrir honum ganga ekki allfáir menn inn í skálann og heyrir hann að sett eru niður borð og fæða á borin og svo er tekið til snæðings og drykkju. Dettur honum til hugar að sé þetta gott og örlátt fólk kunnir það að sjá á sér amur og snara til sín bita ef hann láti vita af sér. Svífur hann því hastarlega á fætur og sér þá alslags fæðu á borð borna og fólk á öllum aldri, sem neytti þess sem framreitt var. En þegar það sér dreng drífur það allt út og skildi eftir allt sem á borðunum var, vín og vistir, og sá hann öngvan mann framar. Tók þá piltur til matar og hafði nógan forða þangað til á nýársdag og kom aldrei út úr kofanum þann tíma.

Nú vikur sögunni til þeirra sem sauðina sóttu að þeir náðu með naumindum landi. Heimilisfólkið saknaði drengs ekki fyrr en á jóladagsmorguninn að átti að fara að syngja. Spyr bóndi hvort drengurinn ætli ekki að syngja með sér eins og hann sé vanur. Þá er eins og þeir vakni af svefni sem skildu drenginn eftir, og kváðust þeir hafa gleymt honum því hann hefði ekki verið nærstaddur þegar þeir hefðu látið frá eyjunni. Bónða bregður illa við og veitir þeim átölur, en hér varð við að sitja. Hríðina birti ekki fyrri en á nýársdag. Þá réðist bóndi fram í eyjuna og sér hvergi neinn mannsferil svo hann telur sjálfsgagt fósturson sinn frá, reikaði þó þangað sem kofinn stóð. Þá heyrir drengur (sem nú var að taka sér bita af því er honum fénaðist á jólanóttina) málróf fóstura síns og tekur silfurstaup og gengur út að

fagna kallinum og sýnir honum staupið. Fagnar karlinn fóstursyni sínum innilega og þykist hann úr helju heimt hafa. Segir drengur þá upp alla söguna. Síðan fara þeir inn í skálann, en gripu nú í tómt því þá var allt horfið svo þeir héldu ekki eftir nema silfurstaupi því er drengurinn hélt á þegar hann heyrði mannamálið og gekk út.⁸⁸

Ítök álfa í nútímanum

Í samfélagi nútímans teljast e.t.v. fremur fáir trúa á álfa en margir telja tilvist álfa þó ekki með öllu útilokaða. Það virðist vera mikið rými fyrir hið yfirnáttúrulega í hugum Íslendinga. Ekki þarf að leita langt til að finna dæmi um það hvernig leifar álfatrúarinnar teygja anga sína í nýliðinn tíma. Til dæmis má nefna að skyggir menn á 20. öld sögðu álfa búa í Álfakletti í landi Reykjavalla á Neðribyggð og þar upp af heiti Álfakirkja.⁸⁹ Álfaklettur bar ekki það nafn fyrr en þessir menn áttu þar leið hjá. Engin skráð huldufólkstrú var áður tengd staðnum, en sú staðreynd að kletturinn var endurnefndur með vísun í álfa er athyglisverð. Fólk gerir sér oft ákveðnar hugmyndir um bústaði álfa jafnvel þótt engar sagnir séu til um þá. Þetta má sjá í Steintúni, en Byggðasöguritari segir þar steininn Einbúa „ákaflega huldufólkslegan“.⁹⁰ Þau ummæli eru lýsandi fyrir hugmyndir fólks um eðli og útlit huldufólksbústaða.

Í Skagafirði eru nokkur dæmi þess að álfar hafa verið hafðir með í ráðum við vegagerð og byggingaframkvæmdir. Á Kirkjuhóli (sem var hjáleiga frá Víðimýri) var þekktur álagablettur og álfabyggð. Eftir að býlið á Kirkjuhóli var farið í eyði voru bæjarrústirnar sléttaðar og bæjarhóllinn sleginn (um 1980) en þá missti bóndi skepnur og ýmis undarleg atvik áttu sér stað. Hætt var að eiga við norðurhluta hólans og engar skepnur fórust eftir það og var sá hluti talinn álfabústaður.⁹¹ Í Byggðasögunni er frásögn Halls Jónassonar sem lenti í þessum

⁸⁸ Jón Árnason, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (III. bindi), bls. 183.

⁸⁹ Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagfirðinga* (III. bindi), bls. 87.

⁹⁰ Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagfirðinga* (I. bindi), bls. 112.

⁹¹ ÖStAM- Kirkjuhóll (1997). Rósmundur Ingvarsson skráði, bls. 2.

ósköpum. Hann segir jafnframt frá því að þegar börnin hans fóru að tala um að byggja sumarbústað á hólnum hafi hann dreymt ansi illúðlegan huldumann og hafi eftir það bannað allar byggingaframkvæmdir á hólnum.⁹²

Þó fólk trúir ekki á tilvist einhvers fyrirbæris er það oft ekki tilbúið að afneita möguleikanum á að eitthvað gæti legið að baki viðvörunum og álögum og sýni því viðkomandi stað eða fyrirbæri virðingu. Sem dæmi má nefna að þegar leggja átti girðingu við Votaklett, á afréttarsvæði við Bjarnastaði í Unadall, var girðingin færð utar. Örnefnaskrásetjari taldi að Bjarnastaðabóndanum hafi fundist stafa af því óheill að leggja girðingu við klettinn (hugsanlega vegna tengsla við huldufólk, þó það komi ekki fram) og hann færði því girðinguna utar.⁹³ Á milli Kúskerpis og Úlfsstaða í Blönduhlíð er Úlfshaugur. Þar er talið að landnámsmaðurinn Hjálm-Úlfur hafi verið heygður.

Þegar leggja átti landamerkjagirðingu á milli bæjanna var sneytt framhjá haugnum til að fara ekki yfir hann.⁹⁴ Þó svo að ekki sé ljóst hvaða ástæður lágu að baki vali á girðingarstaðinu er þetta skemmtilegt dæmi þess hve sterk ítök og áhrif gömul munnmæli geta haft á háttalag nútímamanna.



Mynd 7. Úlfshaugur. Í haugnum á landnámsmaðurinn Hjálm-Úlfur að hafa verið heygður.

Álfhóll er nýleg nafngift á Syðri-Hofdölum. Engar sagnir tengjast hólnum en þegar land var brotið var hóllinn látinn í friði þar sem mönnum: „[datt] í hug að hóllinn gæti verið bú-

⁹² Hjalti Pálsson, *Bygðasaga Skagfirðinga* (II. bindi), bls. 401.

⁹³ ÖStAM- Bjarnastaðir2 (1936). Margeir Jónsson skráði, bls. 1.

⁹⁴ ÖStAM- Kúskerpi (1973). Gísli Magnússon skráði, bls. 1.

staður álfa og var því talið rétt að láta hann óhreyfðan.⁹⁵ Hér standa varúðarreglur um að ekki megi hreyfa við hólnum, ef vera skyldi að „líf“ væri í honum. Einnig er dæmi frá Réttarholti, þar sem ýtumenn voru að vinna tún og sléttu úr Lindarhóli. Bóndi vildi jafnframt láta taka svokallaðan Lindarstein, sem var til trafala í túninu. Morguninn eftir, þegar taka átti steininn, hafði bóndi skyndilega skipt um skoðun. Ekki vildi hann gefa upp hvers vegna.⁹⁶

Hegranesið er þekkt fyrir miklar huldufólksbyggðir sem gerir svæðið áhugavert í þjóðfræðilegu tilliti. Vegagerð sem átti sér stað á áttunda áratug síðustu aldar er ein sú flóknasta sinnar tegundar á Íslandi. Í örnefnaskrá er sagt að framkvæmdirnar hafi einkennst af: „furðulegasta og stórfelldasta umstangi sem um getur vegna árekstra við álagablett“⁹⁷ en e.t.v. á betur við að tala um huldufólksbyggð í því samhengi.⁹⁸ Einnig er talað um Grímu nokkra sem átti að hafa lagt álög á blettinn eftir rífrildi við prestinn á næsta bæ og munu þau álög hafa haft nokkuð um erfiðleika vegagerðarmanna að segja. Í vegagerð um Tröllaskarð í landi Keflavíkur á 20. öld tókust á vegagerðarmenn, huldufólk og heimamenn. Eftir miklar vangaveltur, miðilsfundi og umræður varð niðurstaðan sú að ef ekki yrði sprengt fyrir veginum um Tröllaskarð þyrfi ekki að óttast slys. Svo fast héldu álögin og trúin á huldufólkið að við engu var hróflað og í staðinn er haldið hlífiskildi yfir vegfarendum sem eiga leið um Tröllaskarð.⁹⁹

⁹⁵ ÖStAM- Syðri-Hofdalir (2006). Rósmundur Ingvarsson skráði, bls. 9.

⁹⁶ Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagfirðinga* (IV. bindi), bls. 171.

⁹⁷ ÖStAM- Keflavík (2006). Rósmundur Ingvarsson skráði, bls. 16.

⁹⁸ Um þetta merkilega mál má lesa í *Skagfirðingabók* (nr. 25): Valdimar Tr. Hafstein, Huldufólkið og hefndir Grímu, bls. 113–129.

⁹⁹ Valdimar Tr. Hafstein, Huldufólkið og hefndir Grímu, bls. 113–129.

Samantekt á álagablettum í Skagafirði

Hér á eftir koma töflur sem sýna álfabyggðir og álagabletti í Skagafirði. Víða eru staðir sem bæði eru nefndir huldufólks-
híbýli (eða huldufólkseignir) og álagablettir, aðrir staðir eru
aðeins skilgreindir sem huldufólkshíbýli en þeim fylgir oft
ákveðin varúð eða fólk beðið að gæta að sér í umgengni, þó
staðirnir séu ekki skilgreindir sem álagablettir. Einnig má
finna staði sem aðeins eru taldir til álagabletta en ekki taldir
vera híbýli álfa. Í töflunum má sjá hvað þurfti að varast og
hvaða afleiðingar brot á bönnum höfðu í för með sér (ef þær
upplýsingar komu á annað borð fram í heimildum). Sum
örnefnin eru rauðlit og stafar það af sérstökum aðstæðum eða
álögum sem þykja sérkennileg.

Tafla 4: Álfar og álög í Skefilsstaðahreppi

Skefilsstaðahreppur						
Staður	Tegund	Örnefni	Álfabyggð	Álagablettur	Bann	Álög
Foss	Bólli	Ketill		X	Ekki slá	Skepnumissir
	Dalur	Borgardalur		X	Ekki slá	Skepnumissir
	Blettur	Rokblettur		X	Ekki slá	Hvassviðri
	Þúfa	Stóraþúfa	X	X	Ekki slá/beita	
Gauksstaðir	Vatn	Þjamarvötn		X	Ekki veiða	
Hafragil	Hóll	Vökuhóll		X	Ekki slá	Skepnumissir
	Þúfur	Álagapúfur		X	Ekki slá	
Hraun	Þúfur	Álagapúfur/ álfapúfur	X	X	Ekki slá	Óhöpp
	Hóll	Prestssetur	X			
Hóll á Skaga	Þúfa	Álagapúfa		X	Ekki slá	Skepnumissir
	Skál	Stóraskál		X	Ekki slá	
	Tjörn	Hamratjörn		X	Ekki veiða	
Hvammkot á Skaga	Hvammur	Álagahvammur	X	X	Ekki slá	Óhöpp
Hvalnes	Tjörn	Brunntjörn		X	Ekki veiða	
	Klettur	Borg	X			
Kelduvík	Þúfur	Systur/ Álfapúfur	X			
Keta	Mýri	Hestaborgarmýri		X	Ekki slá	Óhöpp
	Borg	Grímsborg/Hestaborg	X	X	Ekki raska	Óhöpp
	Vatn	Skálavatn		X	Ekki stangveiði	Skepnumissir
	Brekka	Álagabrekka		X	Ekki slá	
	Vötn	Kelduvötn		X	Ekki veiða	Óhöpp
Kleif	Hólar	Hulduhólar	X	X	Ekki slá	Skepnumissir
	Klettur	Álfakirkja/ Kirkja	X			
	Tjörn	Kleifartjörn/-vatn		X	Ekki veiða	Skepnumissir
	Drangur	? Í Kleifardal	X			
Neðra-Nes	Lækur	Skjaldbreiðarlækur		X	Ekki veiða	Skepnumissir
Selá 2	Tjörn	Níputjörn		X		Veiðast bara sflí
	Borg	Selámípa	X			
Selnes	Borg	Borgin		X	Ekki slá	Skepnumissir
	Vatn	Álftavatn		X		Veiðast bara sflí
	Klettur	Nípa (Selámípa)	X			
Skefilsstaðir	Lækur	Skálmrlækur		X	Ekki drekka	
Syðra-Malland2	Klettaborg	Einbúi	X			
Sævarland	Drangur	Huldukirkja	X			
	Laut	? (búið að raska)		X	Ekki slá	Skepnumissir
Þangskáli	Hóll	Álagahóll		X		Óþekkt
Þorbjargarstaðir	Haugur	Tobbuhóll		X	Ekki slá	

Tafla 5: Álfar og álög í Skarðshreppi

Skarðshreppur						
Staður	Tegund	Örnefni	Álfabyggð	Álagablettur	Bann	Álög
Áshildarholt	Brekka	?		X	Ekki slá	Skepnumissir
Borgargerði	Hóll	Smærnhóll	X			
Brennigerði	Steinn	Grásteinn	X			
Heiði	Gerði	Lágagerði	X			
	Þúfnamór	Álagablettur		X		Rífrildi
Ingveldarstaðir	Steinn	Grýlusteinn	X	X	Ekki raska	
	Borg	Stóraborg	X			
Kálfárdalur	Tjörn	Silunga/Álaga/Selhólatjörn		X	Ekki veiða	?
	Steinar	Steinar	X			
Kimbastaðir	Hóll	Stóraborg	X			
Lambagerði (Sjávarborg)	Borg	(ónefnd)/Barnaborg	X			
	Tjörn	Flæðitjörn		X	Ekki veiða	
	Blettur			X	Ekki slá	
Lyngholt	Steinn	Álfasteinn	X			
Meyjarland	Hóll	Meyjarhóll		X	Ekki slá	
	Borg	Huldufólksborg	(X)			
Reykir	Borg	Litlaborg	X			
	Klettur	Tröllakirkja	X			
Selhólar	Haugur	Kálfarshaugur		X	Ekki grafa	Sjá Álagamýri
	Mýri	Álagamýri		X	Sjá Kálfarshaug	Grandar bænum
	Tjörn	Selhólatjörn	(X)	(X)	Ekki veiða	
Sjávarborg	Borg	Borgin		X	Ekki ala naut	Naut v. mannýg
	Brekka	Álfabrekka	X	X	Ekki slá	Skepnumissir
Steinn	Steinar	Grá- og Lambasteinn	X			

Tafla 6: Álfar og álög í Staðarhreppi

Staðarhreppur						
Staður	Tegund	Örnefni	Álfabyggð	Álagablettur	Bann	Álög
Auðnir í Sæmundahlíð	Klettur	?	X			
	Klettur	Ytri- og Syðriklettur	X			
Dúkur	Klappir	Einbúi	X			
Gýgjarhóll	Hamar	Geirlaugarhamar	X			
Geirmundarstaðir	Drangur	Einbúi/Einbúabjörg	X			
	Klettur	Landsréttir	X			
	Laut	Bolli		X	Ekki slá	Óhöpp
Glæsibær	Klettur	Glæsibæjarborg	X			
	Klettur	Höfði	X			
	Tjörn	Glæsibæjartjörn	(X)	X	Ekki slá	Óhöpp
Hafsteinsstaðir	Blettur	?		X	Ekki slá	
	Hamrar	Geirlaugarhamar	X			
	Brekka	?		X	Ekki slá	
Hóll	Klettur	?	X			
Stóra-Gröf	Klöpp	Stekkjarklöpp	X	X	(Ekki raska)	Óhöpp
Vík og Útvík	Drangur	Kirkja	(X)			
Vamaland	Hvammur	Ytri-Rétt/Bolli	(X)	X	Ekki slá	Óhöpp
Þröm	Vatn	Meðalheimsvatn		X	Ekki veiða	Húsbruni
Ögmundarstaðir	Klettur	Geirlaugarhamar	X			

Tafla 7: Álfar og álög í Seyluhreppi

Seyluhreppur						
Staður	Tegund	Örnefni	Álfabyggð	Álagablettur	Bann	Álög
Álftagerði	Tjörn	Tjörnin		X	EKKI slá	Skepnumissir
Brekka	Klökk	Klökk	(X)			
	Brekkur	Höll	(X)			
Fjall	Höll	Álfhóll	X			
	Eyri	Keraldseyri	(X)			
Geldingaholt	Tún	Rógstún		X	EKKI slá	Óveður
	Leiði	Borguleiði og Borgusæti		X	EKKI raska (má slá)	Óhöpp
Grófargil	Blettur	?	(X)	X	EKKI slá	
Hátún		Við Meðalheimsvatn	X			
	Vatn	Meðalheimsvatn		X	EKKI veiða	Óhöpp/bruni
Holtsmúli		Í Holtsmúlalandi	X			
Íbishóll		Keraldseyri	X			
Kirkjuhóll (Viðimýri)	Höll	Kirkjuhóll	X	X	EKKI slá/raska	Skepnumissir
Krossanes	Hólmi	Álagahólmi		X	EKKI slá	Skepnum/bruni
Marbæli	Tjörn	Drápa		X	EKKI slá	Óveður
Mikligarður	Höll	(bæjarhóllinn?)	X			
Syðra-Skörðugil		Bárðarstaðir		X	EKKI slá	
	Syðra-Vallholt	Steinar	Huldumannasteinar	X		
	Höll	Járnhaus		(X)	EKKI slá	
Valadalur	Steinn	Grásteinn	X			
		Valadalur		X	Búseta 20+ ár	Óhöpp
	Steinn	Stóristeinn	X			
	Vatn	Arnarvatn		X	EKKI veiða	Eignamissir
Víðidalur/Álftagerði	Tjörn	Tjörn		X	EKKI slá	Skepnumissir
Víðimýri	Gil	?	X			

Tafla 8: Álfar og álög í Lýtingsstaðahreppi

Lýtingsstaðahreppur						
Staður	Tegund	Örnafni	Álfabyggð	Álagablettur	Bann	Álög
Ánastaðir	Klettar	Einbúi, Litla- og Háabor	X			
Brenniborg	Klettar	Borgin	X	(X)	(Ekki raska)	
	Klettar	Álfakirkja	X			
Breið	Hólar	Hólar/Breiðarhólar		X		
	Tjörn	Lómatjörn		X	Ekki slá	Skepnumissir
				X	Ekki búa 20+ ár	
Bústaðir	Hvammur	Stapahvammur		X	Ekki slá	Skepnumissir
	Grasgeiri	Stóll		X	Ekki slá	Skepnumissir
	Klettur	Stapi	X			
	Hvammur	Stapahvammur		X	Ekki slá	Skepnumissir
Bjamastaðahlíð	Klettar	Klaufarhögg	X			
		(Sláttuhvammur)	X			
Eyvindarstaðaheiði	Hylur	?		X	Ekki veiða	Skepnumissir
Gilhagi	Hvammur	Álaga-/Réttarhvammur		X	Ekki slá	Skepnumissir
Giljir	Klettur	Kirkja?	(X)			
Grimsstaðir	Hóll	(Tóftarbolinn)		X		
Hamrar	Tjörn	Vatnsdals tjörn		X	Ekki slá	Skepnumissir
Héraðsdalur	Hóll	Vaðmáls hóll	X			
Hof í Dölum	Borg	Hulduborg	(X)			
Hvammkot	Steinn/klappir		X			
Hviteyrar	Brekka	Álagabrekka		X	Ekki slá	Skepnum/óhöpp
Kolgröf	Steinar	Stórusteinar		(X)	(Ekki raska)	
Lýtingsstaðir	Hóll/Haugur	Lýtingur		X	Ekki slá/raska	
Merkigarður	Klappir	(Ýmsar klappir)	X			
Mælifellsá	Rindi	Jámhryggur		X	(Ekki raska)	
Reykjavellir	Steinn	Stóristeinn	X			
Reykjavallagerði	Klettar	Álfaklettur	X			
Skiðastaðir	Steinn	Huldufólkssteinn	X			
Skiðastaðir / Varnilæku	Borg	Álfaborg	X			
		Steinn í Gerði		X	Ekki slá í kring	Óhöpp
Steinsstaðir	Klöpp	Messuklöpp	X			
Steintún	Steinn	Einbúi	(X)			
Sölvanes	Hóll	Sölvhóll		X	(Ekki raska)	
Starrastaðir	Brekka	?	(X)	X	Ekki slá	Skepnum/óhöpp
	Hóll	Hóls húshóll		X		
Syðra-Vatn	Steinn	Huldusteinn	(X)			
Tunguháls	Hóll	Einbúi	X			
Vindheimar	Klettar	Amarberg	X	X	Ekki raska	Skepnumissir
	Hóll	Skipból	X			
Þorsteinsstaðir	Gil	Gloppugil	X			
	Þúfa	Þorsteinsþúfa		X	(Ekki raska)	Óhöpp

Tafla 9: Álfar og álög í Akrahreppi

Akrahreppur						
Staður	Tegund	Örnefni	Álfabyggð	Álagablettur	Bann	Álög
Ábær	Klettur	?	X			
Bjarnastaðir	Klettur	Háaborg/Bjarnastaðabo	X			
Bóla	Gil	Bólugil	X			
Frostastaðir	Klettur	Háaborg/Frostastaðabo	X			
Hella	Borg	Helluborg	X			
	Klappir	Víðivallaklappir	X			
Hjaltastaðahvammur	Hóll/klettur	Einbúi	X			
Hringur	Steinn	?	X			
Hrólfstaðir	Hóll	? Og Bæjarhóll		X	Ekki raska	Óhöpp
Litidalur	Klettur	Höfði	X			
Mið-Grund	Hamar	Hestavígshamar	X			
Miðsitja	Klettur	Bæjarborg	X		Ekki ærslast	
Réttarholt	Klettur	Hestavígshamar	X			
Skuggabjörg	Steinn	Stóristeinn	X			
Sólheimagerði	Melur	Melur	X			
Silfrastaðir	Klettur	Málinn		X		
Sólheimar	Lind	Fjós lind	(X)	X	Verður að hreinsa	Skepnumissir
Úlfstaðir	Klöpp	Klöpp	X			
Víðivellir	Klappir	? Víðivallaklappir	X			
Ytri-Brekkur	Klöpp	Brekknaklöpp	X			

Tafla 10: Álfar og álög í Rípurhreppi

Rípurhreppur						
Staður	Tegund	Örnefni	Álfabyggð	Álagablettur	Bann	Álög
Beingarður	Klettar	Höfði	X			
Egg í Hegranesi	Klöpp	Reinarklöpp	X			
	Klöpp	Kirkja	X			
Eyhildarholt	Kofi	Jörundarkofi		X	Ekki rífa	
	Tjöm	Kolabingur		X	Ekki slá	Skepnumisir
Ferjuhamar í Hegranesi	Gil	Ferjuhamarsgil	X			
Hamar	Klettar	Hamar	X			
Helluland	Borgir	Miðmundaborg	X			
	Klöpp	Háaklöpp	X			
	Klappardalu	Húsadalur	X			
	Borgir	Langaborg	X			
	Borgir	Lúsaborg	X			
	Klettur	Bríkur	X			
	Hóll	Ljúflingshólar	X			
	Borgir	Álfaborgir	X			
	Berg	Rolluberg	X			
	Klettar	Lambhúsborg	X			
Klettar	Huldufólkskirkja	X				
Hraun	Klettar	Klettaborg	X			
Hróarsdalur	Klöpp	Litla-klöpp	X			
	Bakki	Álagabakki		X	Þegar er slegið- kemur þurrkur	
	Tjöm	Sefjtjöm		X	Ekki slá	Skepnumisir
	Vatn	Hólmavatn		X	Ekki slá hvanm	
Kárastaðir	Klöpp	Súruklöpp	X			
	Klöpp	Kringlóttaklöpp	X			
	Tjöm	Brunnklukkutjöm		X	Ekki veiða (eitraður silungur)	
Keldudalur	Hóll	Ullarhóll	X			
	Borg	Stekjarborg	X			
Keflavík	Skarð	Tröllaskarð	X	X	Sjá Vegagerðarmálið	
	Berg	Stigaberg	X			
Naustavík	Ríf	Hjaltinn		X	Farast ekki bátar	
Ríp	Klappir	Rípurklappir	X			
	Lind	Kirkjulind	X			
	Klappir	Ytri-Móklöpp	X			
Rein	Klöpp	Reinarklöpp	X			
	Borg	Reinarborg	X			
Sandar á Borgareyju	Nes	Grundames	X			
Svanavatn	Hamrar	?	X			
	Klettar	?	X			
Utanverðunes	Klettur	Forvaðarklettur	X			
	Klettaborg	Miðdegisborg	X			
	Vatn	Nesvatn		X	Ekki veiðist	Ekki bátsslyss
Vatnskot	Hamrar	?	X			

Tafla 11: Álfar og álög í Viðvíkurhreppi

Viðvíkurhreppur						
Staður	Tegund	Örnefni	Álfabyggð	Álagablettur	Bann	Álög
Ásgeirsbrekka	Steinn	Huldufólkssteinn/Strok	X			
	Hvammur	Mið- og Neðstihvammur		X	Ekki slá	Skepnumissir
Bakki	Nes?	Heiðnanef		X	Ekki slá	
Brimnes	Gil	Stekkjargil	(X)			
Hólakot	Hóll	Álfhóll	(X)			
Lón	Klettur	Stóriklettur	X			
Syðri-Hofdalir	Hóll	Álfhóll	X			
Svaðastaðir	Steinn	Kötlusteinn	X		(Varúð)	
	Steinn	Grásteinn	X			
Viðvík	Hóll	Álfhóll	X			
	Steinn	Kirkjusteinn	X		(Varúð)	
	Steinn	Kerlingarsteinn		X	Ekki slá	Óhöpp

Tafla 12: Álfar og álög í Hólahreppi

Hólahreppur						
Staður	Tegund	Örnefni	Álfabyggð	Álagablettur	Bann	Álög
Efri-Ás	Hæðir	Syðri-/Ytri-Huldukonuh	(X)			
Nautabú	Hóll	Sjónarhóll	X			
Neðri-Ás í Hjaltadal	Gerði	Kringla		X	Ekki slá	Skepnumissir
Reykir	Klökk	Klapparkirkja	X			
Sleitustaðir	Steinn	Álfasteinn	(X)			
	Steinn	Álfaborg	(X)			
Smíðsgerði í Kolbeinsd	Hvammur	Álagahvammur		X		
	Klappir	Álfaklappir	(X)			
Viðines	Hólmi	Álagahólmi í Kofatjörn		X	Ekki slá	

Tafla 13: Álfar og álög í Hofshreppi

Hofshreppur						
Staður	Tegund	Örnefni	Álfabyggð	Álagablettur	Bann	Álög
Hraun (Á í Unadal)	Hvammur	Hvammur við vaðið		X	Ekki slá	Óhöpp
Bjarnastaðir	Klettur	Svarti-/Álfaklettur	X			
	Blettur	Álagablettur		X	Ekki slá	
	Klettur	Votiklettur	X			
Bær	Brekkur	Búðarbrekkur	X			
Grafargerði	Klettur	Staðarbjargarklettur	X			
	Klettur	3 heiti í Búðarbrekkum	X			
Gröf	Hólar	Ljós- og Helgahóll	X			
	Klettur	Stóristeinn	X			
Gröf og Grafargerði	Klettur	Háiklettur (sama og Stó)	X			
	Lækur	Bæjarlækur		X	Ekki veiða	Skepnumissir
Hof	Klökk	Skundaklökk	X			
	Blettur	Álagahvammur		X	Ekki slá	Skepnum./óhöpp
	Brekka	Álagabrekka		X	Ekki slá	Skepnumissir
Hombrekka	Holt	Ljúflingsholt	(X)			
Hólakot	Laut	Álagalaut		(X)		
Hólkot/Stekkjarkot	Brekka	Álagabrekka		X	Ekki slá	Skepnumissir
	Klökk	Huldufólksklökk	X			
	Steinn	Kirkjus teinn	X			
Hugljótsstaðir	Steinn	Grásteinn	X			
Höfði	Brekka	Álagabrekka		X	Ekki slá	Skepnumissir
Kolkuós/Þórðarhöfði	Klettur	Staðarbjargarklettur	X			
Málmei				X	Má ekki koma hestur	
	Klettur	Hálfðanarhurð		X	Ekki búa lengur en 20 ár	
	Klettur	Álfakirkja	X			
Miðhús	Klettur	Bæjarklettur	X			
Mýrarkot og Þrastarst.	Steinn	Huldufólkssteinn	X	X	Ekki slá í kring	Skepnum./óhöpp
	Klettur	Huldufólksklettur	X	(X)	Varúð	
	Hóll	Kirkjuhóll	X			
	Brekka	Hjallhólsbrekka		X	Ekki slá/raska	
Nýlendi	Steinn	Álfasteinn	X	(X)	(Varúð)	
Ósland	Steinn	Álfasteinn (sami og Nýl)	(X)			
Svínavallakot í Unadal	Steinar	Huldusteinar	X			
Teigur í Óslandshlíð	Steinn	Grásteinn	X			
Vatn/Mannskaðahóll	Mýri	Forboðnamýri		X	Ekki raska	Skepnum./óhöpp
Vatn	Mýri	Álagamýri (Forboðnamýri)		X	Ekki slá/raska/bei	Óhöpp
		Hafnargerð við Höfðav;	X	X	(Ekki slá/raska)	
Þrastarstaðir	Laut	Álfalaut	(X)			
	Klettur	Þrastastaðaklettur	X			
		Þórðarhöfði	X			

Tafla 14: Álfar og álög í Hofsóshreppi

Hofsóshreppur						
Staður	Tegund	Örnefni	Álfabyggð	Álagablettur	Bann	Álög
Ártún	Hvammur	Liljihvammur		X		
Naust	Flötur	Borgin		X	Ekki slá/beita	Óhöpp

Tafla 15: Álfar og álög í Fellshreppi

Fellshreppur						
Staður	Tegund	Örnefni	Álfabyggð	Álagablettur	Bann	Álög
Amarstaðir	Geiri	Kvígeirsbrún		X	Ekki slá	
	Steinn/púfu	(Vikuverk)		X	Ekki slá	Skepnumissir
Bræðrá í Fellshreppi	Mór	Álagablettur		X	Ekki slá/ras ka	
Geimundarhólar	Brekka	Álfabrekka	X	(X)	Varúð /ekki slá	
Keldur	Þúfur	Álagapúfur		X	Ekki slá/ras ka	Óhöpp?
	Blettur	Álagablettur		X	Ekki slá	
Miðhóll	Brekka	Álagabrekka		X	Ekki slá	
Mýrar	Bollí	?		X	Ekki slá	
Róðhóll	Tóft/hóll	Gerði?		X	Ekki flytja ösku burt	
Skálá	Steinn	?	X	(X)	Varúð /ekki slá	
	Þúfa	Álagapúfa		X	Ekki slá	Skepnumissir
Tjamir (2)	Þúfa	Álagapúfa		X	Ekki slá	

Tafla 16: Álfar og álög í Haganeshreppi

Haganeshreppur						
Staður	Tegund	Örnefni	Álfabyggð	Álagablettur	Bann	Álög
Akrar	Brekka	Álagabrekka		X	Ekki slá	
Bakki	Hólar	Bakkahólar	X			
Barð/Fyrirbarð	Brekka/hóll	Álfabrekka	X	X	Ekki slá	Óhöpp
	Púfur	Álagapúfur		X	Ekki slá	
	Steinn	Grásteinn	X			
	Garður	Blákápuгарður	(X)			
Barðssókn	Klettabelti	Tónur	X			
Haganes	Laut	Kúalaut + steinn	X	X	Ekki slá	
	Steinn	Steinn	(X)		(Ekki raska)	
Hamar í Fljótum	Móar	Álagamóar		X		
	Klettur?	Hamar	X			
Helgustaðir	Steinn	Álfakirkja/Kirkjusteinn	(X)			
Illugastaðir	Brekka	Álagabrekka		X	Ekki slá	
Langhús	Brekka	Álagabrekka		X	Ekki slá	
Laugaland á Bökkum	Blettur	Álagablettur + steinn	X	X		
Móafell	Dalir	Móafellsdalur/Tunguda	X			
Móskógar	Kvíar	Kvíaból		X	Ekki slá	Skepnumissir
	Steinn	Grásteinn	X	X	Ekki slá í kring	
Neskot	Bekkur	Hálsablettir	X			
	Klettur	?	X			
Sjöundastaðir (Flókad.)	Hóll	Stórhóll	X			
Stóru-Reykir	Mór	Ljúblingsmór	(X)			
Syðsti- / Mið-Mór	Steinn	Huldufólkssteinn + blet	X	X	Ekki slá í kring	Skepnum/óhöpp
	Mýri	Ósmýri		X	Ekki slá	Skepnum/óhöpp
Tungudalur	Klettur	Kóngshóll	X			
Vestari-Hóll	Brekka	Álagabrekka		X	Ekki slá/raska	
		Hólmi	Álagahólmi		X	Ekki slá
Ysti-Mór	Hólmi	Álagahólmi		X	Ekki raska	

Tafla 17: Álfar og álög í Holtshreppi (1/2)

Holtshreppur						
Staður	Tegund	Örnefni	Álfabyggð	Álagablettur	Bann	Álög
Berghylur	Hvammur	Álagahvammur	(X)	X		
Bjarnargil	Gil	Álagagil		X	Ekki slá	
Brúnastaðir	Steinn	Grásteinn	(X)	X	Ekki raska	
Deplar	Brekka	Álagabrekka	X	X	Ekki slá/raska	
	Eyrar	Deplæyrar/Álagæyrar		X		
	Melhryggir	Stólar	X			
Gil	Þúfur	Álagapúfur		X		
	Steinn	Grásteinn	X			
Hamar	Klettar	Hamar	X			
	Hólar	Stekkjárhólar	(X)			
Háakot	Brekka	Hvambrekka	(X)	X	Má ekki slá alla	
	Steinn	Klofasteinn	X			
	Hóll	Kóngshóll	X			
	Steinn	Kirkjusteinn	X			
	Hvammur	Háakotshvammur	X		(Fé beittist illa)	
Helgustaðir	Steinn	Grásteinn	X			
	Hólar	Saurbæjarhólar	X			
Hraun	Steinn	Gusa	X			
	Völlur	Haldórsvöllur		X	Ef fólk dettur	giftist það
	Tóft	Ausa		X	Sá sem dettur	vinnur kauplaust
Hringur	Geiri	Messugeiri	X			
Hvammur	Þúfur	Álagapúfur		X	Ekki slá	
	Hóll	Stórhóll	X			
	Gerði	Steinn í Geitagerði	X			
	Gil	Álagagil	X	X	Ekki slá	Skepnumissir

Tafla 18: Álfar og álög í Holtshreppi (2/2)

Höfn	Brekka	Hafnarbrekka	X			
Illugastaðir	Hóll	Sjónarhóll	X			
Knappstaðir	Steinn	Stóristeinn	X			
Lambanes	Brekka	Álagabrekka	X	X	Ekki slá	
Lundur	Steinn	Klofasteinn	X			
	Eyrar	Álagaeeyrar		X	Ekki slá	
	Hóll	Álfhólar	X			
	Hryggur	Álagahryggur		X		
Melbreið	Þúfa	Álagarþúfa		X	Ekki slá	Tjón/óhöpp
	Laut	Hverfalaui	(X)			
Minni-Brekka	Þúfa	Á Búhóli		X	Ekki slá	Skepnumis sir
Minna-Holt	Sund	Roksund		X	Ekki slá	Óveður/rok
Molastaðir	Brekka	Álagabrekka		X	Ekki slá	
Móafell	Hólar	Dimmuhólar	X			
	Hamar	Valshamar	X			
	Brekka	Álagabrekka		X	Ekki slá	Hleypur undir ær
Nefstaðir	Gil	Álagablettur		X	Ekki slá	Skepnumis sir
Reykjarhóll	Hvammur	Nátthagi		X	Ekki slá	Óveður
	Steinn	Kirkjusteinn/Könnusteinn	X			
Saubær	Steinn	Grásteinn	X			
Stóra-Holt	Mór	Álagamór		X		
	Berg	Votaberg	X			
Stóra-Þverá	Hvilt	Ausa		X	Ekki slá	Óhöpp
	Hvammur	Álagahvammur		X		
	Hóll	Kóngshóll	X			
	Vatn	Tungudalsvatn		X		Bátsálög?
Þrasastaðir	Steinn	Grásteinn	X			
	Hólmi	Hríshólmi		X		

Heimildaskrá

- Árni Böðvarsson. Huldufólk. *Þjóðviljinn*, 19. árg. (187. tbl.), 1954, 7.
- Grunur um miltisbrand í álagablettum hérlendis. *Morgunblaðið*, 3. desember 2004, bls. 8. [Viðtal við Steinunni J. Kristjánsdóttur, fornleifafræðing].
- Hjalti Pálsson (ritstj.). *Byggðasaga Skagfirðinga*. I–VI. bindi. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 1999–2011.
- Helgi Sigurðsson. „Örnefni, einkum í sögu Bjarnar Hítardælakappa.“ Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmenta að fornu og nýju. II bindi. Kaupmannahöfn: Hið Íslenska bókmentafélag, 1886. Bls. 307–318. Sótt 8. apríl 2015 af https://archive.org/stream/Safntil-soguIslan000339579v2Reyk/SafntilsoгуIslan000339579v2Reyk_orig_djvu.txt
- Iceland Still Believes in Elves and Ghosts*. 2014. Sótt 8. apríl 2015 af <http://icelandreview.com/news/2007/09/24/iceland-still-believes-elves-and-ghosts>
- Jónas Jónasson. *Íslenzkir þjóðhættir*. (2. útgáfa). Reykjavík: Jónas og Halldór Rafnar, 1945.
- Jón Arnason, *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*. I–VI. bindi. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfu. Reykjavík: Þjóðsaga, 1954–1961.
- Ólafur Davíðsson. *Íslenzkar þjóðsögur*. I–III. bindi. Jónas J. Rafnar og Þorsteinn M. Jónsson önnuðust útgáfu. Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, 1945.
- Rúna K. Tetzschner. *Nytjar í nöfnum: Örnefni í nágrenni Hóla í Hjaltadal*. Hólar í Hjaltadal: Hólarannsóknin og Örnefnastofnun Íslands, 2006.
- Terry Gunnell. How Elvish Were the Álfar? Í *Constructing Nations, Reconstructing Myth: Essays in Honour of T. A. Shippey*. Ritstj. Andrew Wawn, Graham Johnson and John Walter. Turnhout, 2007. Bls. 111–130. Sótt 26. mars 2015 af https://www.academia.edu/2993272/How_Elvish_Are_the_Alfar
- Terry Gunnell. „Það er til fleira á himni og jörðu, Hóras“: Kannanir á íslenski þjóðtrú og trúarviðhorfum 2006–2007. Í *Rannsóknunum í Félagsvísindum VIII (Félagsvísindadeild): Erindi flutt á ráðstefnu í desember 2007*. Ritstj. Gunnar Þór Jóhannesson. Reykjavík: Félagsvísindastofnun, 2007. Bls. 801–812.

- Terry Gunnell. *Hversu útbreidd er álfatrúin um heiminn, í hvers kyns myndum sem hún kann að koma fram?* 2008. Sótt 27. mars 2015 af <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=238754>
- Terry Gunnell. *Narratives, Space and Drama: Essential spatial aspects involved in the performance and reception of oral narrative.* Sótt 26. mars 2015 af http://www.academia.edu/3311365/Narratives_and_Space
- Terry Gunnell. *The Coming of the Christmas Visitors: Folk legends concerning the attacks on Icelandic farmhouses made by spirits at Christmas.* Sótt 27. mars 2015 af https://www.academia.edu/2993263/The_Coming_of_the_Christmas_Visitors_Folk_legends_concerning_the_attacks_on_Icelandic_farmhouses_made_by_spirits_at_Christmas
- Valdimar Tr. Hafstein. Huldufólkið og hefndir Grímu: Vegagerð í Hegranesi 1978. Í *Skagfirðingabók: Rit sögufélags Skagfirðinga*. Nr. 25. Ritstj. Gísli Magnússon, Hjalti Pálsson, Sigurjón Páll Ísaksson og Sölvi Sveinsson. Reykjavík: Sögufélag Skagfirðinga, 1997. 113–129.

Örnefnaskrár

- ÖStAM- Ásgeirsbrekka (2007). Rósmundur Ingvarsson skráði.
- ÖStAM- Ásgeirsbrekka2 (1978). Sverrir Björnsson skráði.
- ÖStAM- Áshildarholt (án ártals). Margeir Jónsson skráði.
- ÖStAM- Berghylur (1940). Margeir Jónsson skráði.
- ÖStAM- Bjarnastaðir (1936). Margeir Jónsson skráði.
- ÖStAM- Borgarhóll (2004). Rósmundur Ingvarsson skráði.
- ÖStAM- Bær (án ártals). Björn Jónsson skráði.
- ÖStAM- Foss2 (1976). Kristján Eiríksson skráði.
- ÖStAM- Geldingarholt (1999). Rósmundur Ingvarsson skráði.
- ÖStAM- Hof (1934). Margeir Jónsson skráði.
- ÖStAM- Hólkot, Vík og Glæsibær (1920-1933). Margeir Jónsson skráði.
- ÖStAM- Hugljótsstaðir (1936). Margeir Jónsson skráði.
- ÖStAM- Hróarsdalur (1934) Sigurður Ólafsson skráði.
- ÖStAM- Hvammkot (án ártals). Margeir Jónsson skráði.
- ÖStAM- Kálfárdalur (án ártals). Viðbætur frá 1987). Andrés Valberg skráði [Guðrún S. Magnúsdóttir skráði viðbætur].
- ÖStAM- Kárastaðir (án ártals). Jón Normann skráði..

- ÖStAM- Keflavík (2006). Rósmundur Ingvarsson skráði.
- ÖStAM- Kelduvík (1989). Rögnvaldur Steinsson skráði.
- ÖStAM- Keta (Örnefni á Skaga) (1932). Margeir Jónsson skráði.
- ÖStAM- Kirkjuhóll (1997). Rósmundur Ingvarsson skráði.
- ÖStAM- Kúskerpi (1973). Gísli Magnússon skráði.
- ÖStAM- Mýrar (1974). Kristján Eiríksson skráði.
- ÖStAM- Narfastaðir (án ártals). Margeir Jónsson skráði.
- ÖStAM- Narfastaðir (2007). Rósmundur Ingvarsson skráði.
- ÖStAM- Neðri-Ás (2003). Rósmundur Ingvarsson skráði.
- ÖStAM- Reykjarhóll (1972). Kristján Eiríksson skráði.
- ÖStAM- Réttarholt (2004). Rósmundur Ingvarsson skráði.
- ÖStAM- Selnes (1932). Margeir Jónsson skráði.
- ÖStAM- Skefilsstaðir (án ártals). Margeir Jónsson skráði.
- ÖStAM- Syðri-Hofdalir (2006). Rósmundur Ingvarsson skráði.
- ÖStAM- Vatn, Mannskaðahóll, Mýrarkot og Þrastarstaðir (1940).
Margeir Jónsson skráði.
- ÖStAM- Þrasastaðir (1940). Margeir Jónsson skráði.
- ÖStAM- Þverá (1933). Margeir Jónsson skráði.
- ÖStAM- Örnefni og sagnir í Skagafjarðarsýslu, vestan Héraðsvatna
(1920–1933). Margeir Jónsson skráði.